BS ritgerð

Útivistarskipulag af Selskógi og Miðhúsaskógi við Egilsstaði

Hlynur Gauti Sigurðsson



Landbúnaðarháskóli Íslands
Agricultural University of Iceland

Maí 2006

BS ritgerð Júní 2006

Útivistarskipulag af Selskógi og Miðhúsaskógi við Egilsstaði

Hlynur Gauti Sigurðsson



Leiðbeinandi: Jón Geir Pétursson

Landbúnaðarháskóli Íslands - Umhverfisskipulag

Yfirlýsing

Hér með lýsi ég því yfir að ritgerð þessi er byggð á mínum eigin athugunum, er samin af mér og að hún hefur hvorki að hluta né í heild verið lögð fram áður til hærri prófgáðu.

Hlynur Gauti Sigurðsson

Þakkarorð

Ég hef skrifað ötullega í dagbók á meðan þessar rannsóknir stóðu yfir og hefur margt gott fólk lagt mér lið. Þessu fólki er sjaldan fyllilega þakkað en vil ég þakka kærlega fyrir alla þá þekkingu sem það býr yfir, endalausa þolinmæði í minn garð og allan þann hlýja hug sem fylgdi þessu verkefni frá upphafi til enda. Án þessa fólks hefði verkefnið ekki orðið til.

Jón Geir Pétursson
Margrét Ólöf Sveinsdóttir
Hugrún Hjálmarsdóttir

Árni Ólason
Edda Björnsdóttir
Helga Hreinsdóttir
Jón Loftsson

Bergsveinn Þórsson
Hallgrímur Indriðason
Valdimar Reynisson

Úlfar Jónsson
Frímann Frímannsson
Þórdís Hlín Ingimundardóttir

Auður Sveinsdóttir
Halla Hafbergsdóttir
Jón Örvar Jónsson Geirsson
Kristbjörg Ágústsdóttir
Stefán Jónsson
Sverrir Örn Sverrisson

Anna Björk Hjaltadóttir
Ágúst Ólafsson
Árni Sigurðsson
Karen Erla Erlingsdóttir
Fjölnir Björn Hlynsson
Fjölnir Sigurðsson
Guðrún Þórunn Gísladóttir
Inga Sóley Kristjönudóttir
Pálmi Hreinn Sigurðsson
Sveinn Sveinsson
Sr. Vigfús Ingvar Ingvarsson

Allir þeir sem eiga þakkir
skildar en ekki voru nefndir.

Efnisyfirlit

Landbúnaðarháskóli Íslands - Umhverfisskipulag ii
Yfirlýsing iii
Þakkarorð iv
Efnisyfirlit v
Töfluskrá vii
Myndaskrá viii
1. Inngangur 1
1.1 Markmið rannsóknar 2
1.2 Rannsóknarsvæðið 2
2. Fræðileg umfjöllun 4
2.1 Gildi útivistar 4
2.2 Svæðisgrip og landslagsgreining 4
2.2 ROS – Afþreyingarrófið 7
3. Aðferðir, gögn og úrvinnsla 9
3.1 Skoðanakönnun 9
3.2 Viðtöl við hagsmunaaðila 19
3.3 Samanburður við aðra útivistaskóga 25
4. Niðurstöður 31
5. Hönnun og skipulag 32
5.1 Afþreyingarrófið (ROS) 33
5.2 Aukin fjölbreytni gróðurs 33
5.3 Aðkoman 34
5.4 Grill 35
5.5 Skíðabrekkur 35
5.6 Hringsjá 35
5.7 Handrið 36
5.8 Gróðurvin 36
5.9 Drykkjarfontur 36
5.10 Stígakerfi 36
5.11 Upplýsingaskilti 38
5.12 Áningastaðir 38
5.13 Áhugaverðir staðir 38
5.14 Umferð fatlaðra 38
5.15 Reiðleiðir 38
5.16 Fiskveiði 38
5.17 Lausaganga dýra óheimil 38
5.18 Vegvísar 39
5.19 Lýsing 39
5.20 Sorptunnur 39
6. Ályktanir og tillögur að frekari rannsóknum 39
7. Lokaorð 40
8. Heimildaskrá 41
8.1 Munnlegar heimildir 41
8.3 Ritaðar heimildir 42

8.4 Netheimildir....43
Viðauki A: Skoðanakönnun....44
Viðauki B: Fylgiblað með skoðanakönnun....45
Viðauki C: Fornleifar....46
Viðauki D: Hugmyndir um vegagerð....47
Viðauki E: Spurningalisti úr Kjarnaskógi....48
Viðauki F: Kort af núverandi ástandi....49
Viðauki G: Tillaga að útivistarskipulagi....50

Töfluskrá

Tafla 1. Sex flokkar ROS. 8
Tafla 2. Svör flokkuð niður eftir kyni og heildar svörun í hlutfalli af aldri. Einnig % dreifing milli aldursskeiða. 10
Tafla 3. Hlutfall svara eftir búsetu. 11
Tafla 3. Gjörðir gesta, % milli allra svara. 11
Tafla 5. Dreifing svara eftir því hverjir nota skóginn að vetri til. 12
Tafla 4. Vöntun eftir kynjum. Svarhlutfall kynja jafnað til að gefa gleggri mynd. 13
Tafla 5. Vöntun eftir aldri. Svarhlutfalli hvers aldurs dreift á alla flokka. 14
Tafla 6. Úrbætur og fleira. 15
Tafla 7. Grófir útreikningar um aðsókn yfir ákveðin tímabil. 16
Tafla 8. Aðsókn eftir aldri á ársgrundvelli. 17
Tafla 11. Svörun eftri tíma sólarhrings 18
Tafla 12. Svör flokkuð eftir tíma dags í hlutfalli af notkun. 19
Tafla 10. Samanburður á ýmsum skipulagsatriðum á Heiðmörk, Kjarnaskógi og Selskógi. 30
Tafla 11. Aðsókn í nærliggjandi útivistarskóga frá völdum þéttbýlum. 31

Myndaskrá

Forsíðumynd. Teikning af Eyvindarárgili, skammt frá brú. Selskógur til hægri.
Mynd 1. Íslandskort. Egilsstaðaskógur. 3
Mynd 2. Gróft yfirlitskort. (Skipulagssvæði er skýrt fyrir miðri mynd)..... 3
Mynd 3. Yfirlitskort af Heiðmörk..... 26
Mynd 4. Skóginum er skipt í tvö svæði eftir Afþreyingarrófinu..... 32

1. Inngangur

Skógrækt á sér ekki langa sögu á Íslandi, en upphaf skipulagðrar skógræktar miðast við gróðursetningu Furulundarins á Þingvöllum árið 1899. Við landnám er talið að megin hluti láglendis hafi verið skógi vaxinn. Fréttir um hina búsældarlegu eyju vöktu mikla athygli og með komu norsku víkinganna fór að síga á ógæfuhlið hins náttúrulega skógar á Íslandi. Eyddust nánast allri skógar í landinu (Sigurður Blöndal og Skúli Björn Gunnarsson, 1999, bls. 3-5).

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því fyrstu hugmyndir komu upp um trjárækt og friðun. Aldrei hefði frumkvöðlunum órað fyrir því sem síðan hefur áunnist. Ásýnd landsins hefur breyst gríðarlega á einungis hundrað árum. Friðun lítilla birkigreina í þá daga varð að skógi og eru Hallormsstaðaskógur, Ásbyrgi og Vaglaskógur dæmi um náttúrlega birkiskóga (Sigurður Blöndal og Skúli Björn Gunnarsson, 1999, 1. kafli).

Skógrækt er stunduð eftir ýmsum markmiðum. Eitt meginmarkmið skógræktar hér á landi er að skapa ákjósanlegan vettvang til útivistar. Á Íslandi er hefur orðið mikil vakning um mikilvægi útivistar og nú síðustu ár í samhengi við umræðu um bætta lýðheilsu landans. Sýnt hefur verið fram á að útivist er mjög mikilvæg fyrir líkamlega og andlega heilsu Rannsóknir benda til að nálægð við „grænt" umhverfi eykur vellíðan. (Ráðstefna- „Skógar í þágu lýðheilsu á Íslandi". 2006). Sif Friðleisfdóttir, heilbrigðisráðherra útskýrði þetta á ráðstefnu um skógrækt og lýðheilsu með þessum orðum:.

> *„Okkur líður vel í skógi af því að við erum styttra á veg komin frá frummanninum en við höldum"* (Siv Friðleifsdóttir, 2006)

Afar mikilvægt er að skipuleggja vel þau skóglendi sem ætluð eru til útivistar. Slíkt skipulag þarf að fjalla um fjölmargar þætti landnýtingar, en einnig er mikilvægt að slík skipulög séu gerð í samræmi við þarfir notenda svæðanna.

Orðið *Skipulag* í samhengi við byggð og land, þýðir tvennt. Annarsvegar *hagrænt skipulag* sem tekur á uppbyggingu atvinnulífs og fjárhagslegri hlið áætlanagerðar og hinsvegar *eðlisrænt skipulag* sem er skipulag notkunar lands (Íslenska Alfræði Orðabókin, 2000). Í þessu verkefni er viðfangsefnið eðlisrænt skipulag.

Útivistarskóga er nú að finna við fjölmarga þéttbýlisstaði á Íslandi. Þeir eru flestir afrakstur áratuga ræktunarstarfs, þar sem fólk getur nú notið útivistar í fögru umhverfi. Sum þessara svæða eru fjölsótt og skipta miklu fyrir lífsgæði íbúa viðkomandi staða.

Við Egilsstaði háttar svo til að þar vex náttúrulegur birkiskógur upp að þéttbýlinu, nokkuð sem líklega er einsdæmi hér á landi. Skógurinn er kallaður Egilsstaðaskógur en sá hluti hans sem er í eigu sveitarfélagsins nefnist Selskógur og á hann einnig hluta af nærliggjandi skógi sem kallast Miðhúsaskógur.


1.1 Markmið rannsóknar

Markmið þessa verkefnis er að gera tillögu að útivistarskipulagi í skóglendunum Selsskógi og Miðhúsaskógi sem liggja að Egilsstöðum. Má segja að markmiðinu sé aðallega náð í þremur þáttum. Í fyrsta lagi framkvæmdi höfundur skoðanakönnun í skógunum sumarið 2005. Í öðru lagi voru tekin viðtöl við nokkra hagsmunaðila sem þekkja vel til skógarins og í þriðja lagi er ætlunin að bera Selsskóg saman við tvö af þekktustu skógarútivistarsvæðum við þéttbýli, Heiðmörk og Kjarnaskóg. Einnig gjörþekkir höfundur svæðið enda heimamaður sem hefur leikið og starfað í skóginum til fjölda ára. Greining á þessum þáttum er lögð til grundvallar við gerð skipulagstillögunnar.


Sem umgjörð um skipulagstillöguna notar höfundur Afþreyingarrófið (Recreational Opportunity Spectrum), sem er handhægt og viðurkennt tæki við skipulagningu útivistarsvæða fyrir almenning.

1.2 Rannsóknarsvæðið

Selskógur og hluti Miðhúsaskógar er í eigu sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs (áður Egilsstaðabæjar) og liggja vestan við þéttbýliskjarnann. Afmarkast Selskógur af gili Eyvindarár í norður og vestur, fjölförnum akvegi í suður og byggð í austur en Miðhúsasskógur af Miðhúsajörð til norðurs og austurs, Egilsstaðaskógi til suðurs og Eyvindarárgili til vesturs. Snemma á þessari öld var hafist við að byggja íbúabyggð í átt að Selskógi og að nokkru leyti inn í hann frá suð-austri, á landi sem áður var tún og selið, sem skógurinn er kenndur við. Við þetta má kannski segja að skógurinn hafi opnast bæjarbúum enn meira þó það hafi að sumu leyti verið á kostnað skógarins. Selskógur er í dag nýttur til útivistar en þó einungis um helmingur þess svæðis sem bæjarfélagið á. Miðhúsaskógur er handan Eyvindarár, en er ekki hægt að komast þangað frá hinu svæðinu að svo stöddu. Nær það svæði frá Miðhúsaá í norðri, upp að neðra klettabelti áleiðis upp í Fjarðarheiði og inn að landamerkjum Dalhúsa í Fagradal í austri (sjá betur á Mynd 2).



Mynd 1. Íslandskort. Egilsstaðaskógur.



Mynd 2. Gróft yfirlitskort. (Skipulagssvæði er skýrt fyrir miðri mynd)

2. Fræðileg umfjöllun

2.1 Gildi útivistar

Hreyfing er nauðsynleg öllum og er útivist í náttúrulegu umhverfi talin hafa mjög jákvæð áhrif á heilsu fólks. Anna Björg Aradóttir, yfirhjúkrunarfræðingur hjá Landlæknisembættinu, vitnaði í Voltare á ráðstefnunni „Skógur í þágu lýðheilsu á Íslandi" þegar hún sagði:

> *„Hlutverk heilbrigðisstarfsfólks er að kæta sjúklingana en náttúran læknaði þá hinsvegar. Vífilstaðaspítali er gott dæmi um það. Sjúklingar þar nutu nálægðarinnar við náttúruna og vafalaust átti náttúran hlut að máli þegar sjúklingarnir náðu sér fyrr en gert var ráð fyrir." (2005)*

Skógur og skógarvera er heilbrigðismál. Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðisráðherra, kom inn á það í sömu ráðstefnu og áður var getið:

> *„Hreifing í 30-40 mínútur, daglega, jafngilti einni Prozac töflu og miðað við neyslu þess efnis hér á landi mætti spara verulega með aukinni hreyfingu almennings svo dæmi sé tekið. Með því að fá fólk út í skóg til að hreyfa sig myndi spara gríðarlega fyrir þjóðfélagið." 2005)*

Gígja Gunnarsdóttir, verkefnastjóri hreyfingar hjá Lýðheilsustöð, vakti einnig athygli á því á fyrrgreindri ráðstefnu hvað skógur gefi mikla möguleika á heilsusamlegum aðstæðum til hreifingar. (2005)

2.2 Svæðiságrip og landslagsgreining

Við gerð umhverfisskipulags af útivistarskógum er nauðsynlegt að draga fram helstu þætti í náttúrufari, menningu, sögu og umhverfi viðkomandi svæðis.

2.2.1 Selskógur/Vémörk/ Egilsstaðaskógur/Miðhúsaskógur

Selskógur er um 80 hektarar að stærð og er sá hluti Miðhúsaskógar sem er í eigu sveitafélagsins, af svipaðri stærð. Egilsstaðaskógur er náttúrulegur birkiskógur sem var nýttur af bændum til beitar fyrir fé og naut undir það síðasta. Selskógur kallast sá skógur sem tilheyrir Egilsstaðakaupstað, norðan við Eyvindará sem í dag tilheyrir sameinuðu sveitafélagi; Fljótsdalshéraði. „Hjarta" skógarins nefnist Vémörk, en hún er staðsett þar

sem sparkvellir og leiktæki eru nú. Vémörk er, myndað af orðunum „vé", sem merkir helgur staður og „mörk", sem merkir skógur. Selskógur dregur nafn sitt af seli sem stóð í skóginum, sem nýlega hefur verið rifið til að víkja fyrir byggð. Megnið af Egilsstaðaskógi er hins vegar í eign sveitabæjarins Egilsstaða, sem í daglegu tali er kallað Egilsstaðabýlið til aðgreiningar frá Egilsstaðabæ. (**Aðalskipulag Austur-Héraðs 2002-2017**,) Frekari útivistarmöguleikar á landareign sveitafélagsins eru handan Eyvindarár í Miðhúsaskógi en þangað er erfitt að komast frá Selskógi.

2.2.2 Eyvindará

Eyvindará rennur í gegnum svæðið og setur á það mikinn svip. Vatnasvið Eyvindarár er 193 km^2 og upptök hennar eru á Mjóafjarðarheiðar um Slenjudal og rennur hún út í Lagarfljót. (Hákon Aðalsteinsson 1982) Eyvindará rennur um fallegt gil í Selskógi. Gilið ásamt nálægu nágrenni er á náttúruminjaskrá og segir orðrétt á heimasíðu Umhverfisstofnunar:

> *„Austanverður Eyvindarárdalur og Eyvindarárgil, Egilsstaðabæ, S-Múlasýslu. (1) Eyvindarárgil ofan Uppsalaáróss að austan og vestan. Miðhúsa- og Dalhúsaskógur, ásamt Kálfshóli og Þuríðarstöðum, inn að Slenju, upp að fjallsbrún. Að vestan austasti hluti Egilsstaðaskógar inn fyrir Hnútu. (2) Fagurt gljúfur, vatnsmikil bergvatnsá, skóglendi og jökulgarðar. Útivistarsvæði í nágrenni Egilsstaða."* (*Net 1*)

Fiskgengd í ánni er nokkur og eru veiðileifi seld á bænum Miðhúsum. Samkvæmt upplýsingum þaðan er ágætur silungur í ánni en eitthvað minna er um lax. Vinsælustu veiðistaðirnir eru neðan við brú en alltaf fara einhverjir upp fyrir, í Selskóginn. (Fjölnir Björn Hlynsson, 2005). Efnamælingar benda til að áin sé fremur snauð og stafar það mikið til út af rennslisbreytingum og kulda. Því er lítið um botngróður og dýr. Botninn er sendinn og grýttur og nánast stórgrýttur við ósa. Laxaseiðum var sleppt í Eyvindará 1969-1979 og var seiðadreifingin könnuð 1977 og 1980. Niðurstöður bentu til að á bestu uppeldisstöðunum í ánni reyndist vera lifun upp á 1:10. Haustið 1980 var sleppt 9 löxum en ekkert er vitað hvar þeir enduðu. (Hákon Aðalsteinsson, 1982)

2.2.3 Náttúrufar

Egilsstaðaskógur er víðfeðmur náttúrulegur birkiskógur. Þar má finna allt það helsta sem einkennir birkiskóga. Náttúruleg heimkynni blæaspar eru í Egilsstaðaskógi og má kannski segja að Egilsstaðaskógur sé hvað þekktastur fyrir það. Ekki er þó að finna

blæösp innan Selskógar en stærstan hluta innlendrar íslenskrar trjáflóru er þar að finna. Hvað háplöntur varðar þá er birki mest áberandi, svo kemur gulvíðir þar skammt á eftir og reynir, einir og aðrar víðitegundir eru víða á dreif. Erlendum barrtrjám var plantað í afmarkaðan reit í Vémörkinni og setja þau mikinn svip á umhverfið í dag. Lággróður skipar einnig mikinn sess í Selskógi og má nefna helstu tegundirnar sjöstjörnu, maríuvött og ferlaufung. Einnig má bæta við tegundum sem eru algengar á austurlandi eða finnast þar svo til eingöngu eins og bláklukku, gullsteinbrjót og birkifjólu. Svæðið er einnig gjöfult á ber og á haustin má tína krækiber, bláber, aðalbláber, hrútaber og jarðaber. Fjöldi sveppa vex einnig í skóginum.

Fuglar setja mikinn svip á svæðið allan ársins hring. Margar andategundir, músarindill, auðnutittlingur, skógarþröstur og rjúpa eru nokkur dæmi þess. Hagamúsin er eini fulltrúi spendýranna.

Höfundur hafði samband við Safnastofnun Austurlands varðandi fornleifar í Selskógi og í næsta nágrenni. Inga Sóley Kristjönudóttir, fornleifafræðingur og minjavörður, svaraði að allar skráðar fornleifar í og við Selskóg sé að finna þar sem nú rís byggð og sumar séu nú þegar glataðar. Mest beri á túngarði og garðhólfum. Einnig má finna leifar frá skemmtanahaldi í skóginum, sem teljast þó ekki fornleifar þar sem þær eru ekki orðnar 100 ára. Í viðauka C má lesa svarið í heild.

Í Miðhúsaskógi eru taldar fjórar fornminjar. Tóftir liggur nærri Miðhúsaá en ekki hefur verið greint hvað það er. Tvö sel liggja í 150 metrum yfir sjávarmáli í dal er nefnist Seldalur. Taglarétt nefnast svo friðlýstar fornminjar á landsvísu en hún liggur að Eyvindarárgili, (sjá viðauka F og G) (Edda Björnsdóttir, 2006)

2.2.5 Notendur og aðgengi

Á Egilsstöðum búa yfir 2000 íbúar og á Fljótsdalshéraði öllu eru yfir 1000 til viðbótar. Fjöldi erlendra og innlendra gesta sækir svæðið ár hvert og er oft mikil örtröð á Egilsstöðum á sumrin sökum þess.

Tvær megin leiðir eru nú inn í Selskóg. Gamli inngangurinn og um leið aðalinngangurinn liggur skammt frá nýrri brú yfir Eyvindará. Með tilkomu brúarinnar jókst hraði umferðar og fer bæði almenn umferð og þungaflutningur þar um. Þeir sem eiga leið út í Eiða, niður á Seyðisfjörð og Borgarfjörð eystri fara í lang flestum tilfellum þarna um. Á sumarmánuðum kemur fólksflutningaferjan Norræna til Seyðisfjarðar og fylgir henni ávallt mikill floti bíla, bæði við komu og brottför. Því er óhætt að segja að mikil umferð hefti aðgengi að skóginum og er hættulegt fyrir börn að fara þar um sökum umferðar. Hinn inngangurinn kemur þar sem íbúðabyggð er að rísa í jaðri skógarins.

Samkvæmt lögum um náttúruvernd frá árinu 1999 hefur almenningur óheft aðgengi að birkiskógum á landi í opinberri eigu, með ákvæðum um góða umgengni. (Net 2)

Innan skógarins er langt stígakerfi en það eru að megninu til kurlstígar sem ekki er hægt að nota allan ársins hring vegna vætu. Auk þeirra eru nautastígar frá gamalli tíð og malarvegur frá inngangi inn að hlöðunni. Sá malarvegur er afar erfiður yfirferðar vegna þess hve laust yfirborðsefni er notað.

Mjög fáir leggja hins vegar ferð sína í Miðhúsaskóg enda ekki í alfaraleið. Svo til eingöngu fólk sem þekkir þar til fer þar um.

2.2.6 Landlega

Selskógur stendur lægst í um 50 metra yfir sjávarmáli en á hæstu klettum nær hann um 90 metrum. Ásar og brattir klettar mynda mýrar og lautir. Umhverfið í kringum leiktækin er eina framræsta svæðið. Mætti því segja að skógurinn sé mikið til í votlendi.

Sama er að segja um Miðhúsaskóg en nær hann í 200 metra yfir sjávarmál.

2.2.7 Annað

Tveggja fasa raflína liggur frá austri til vesturs, þvert í gegnum Selskóg og þriggja fasa raflína liggur um Miðhúsaskóg. Enn má finna ummerki frá búskap frá fyrri tíð eins og nautastíga, tún og hlöðu. Útileikhús frá síðasta áratug er í skóginum ásamt móttökuaðstöðu og fleiru sem því tengist. Vatnssalerni með tveimur klósettum er staðsett nálægt leiksvæði. Í jaðri skógarins er gamla brúin yfir Eyvindaránna og er hún mikið nýtt á góðviðrisdögum á sumrin, en vinsælt er að hoppa af henni út í ánna.

2.2 ROS – Afþreyingarrófið

Róf afþreyingarmöguleika (the Recreation Opportunity Spectum) er bandarískt skipulagslíkan sem er notað er til að greina og flokka mismunandi svæði með tilliti til þarfa gesta (Roger N. Clark og George H. Stankely, 1979). Afþreyingarrófið hefur aðallega verið notað til skipulags á þjóðgörðum, tjaldstæðum og útivistarsvæðum. Það byggist á staðlaðri svæðisskiptingu en hægt er að aðlaga þetta róf hvaða landvæði sem er. Rannsóknir sýna að smekkur fólks á náttúruna er ekki aðeins mismunandi eftir fólki heldur breytist smekkur sömu manneskju með tímanum. Því er enginn hægðarleikur að hanna svæði sem hentar öllum. Með þessu rófi má auðvelda ákvarðanatöku fólks með því að beina því á mismunandi svæði.

Samkvæmt rófinu er hægt að greina landsvæði í sex flokka eftir mismunandi náttúrulegu, menningarlegu og stjórnunarlegu sjónarmiði (Tafla 1). (Margrét Ólöf Sveinsdóttir, 2005)

	Flokkur	Einkenni
1	Frumstæð svæði	Mannshöndin hefur hvergi komið að
2	Hálf frumstæð svæði	Engin vélknúin farartæki eru leyfð
3	Hálf frumstæð svæði	Vélknúin farartæki leyfð
4	Náttúrulegt umhverfi með vegum	
5	Sveit	
6	Bæir og byggt umhverfi	

Tafla 1. Sex flokkar ROS (Margrét Ólöf Sveinsdóttir, 2005).

Þegar landsvæði hefur verið skipt niður eftir Afþreyingarrófinu er hægt að ákveða hvaða afþreyingu og þjónustu á að bjóða í hverjum flokki. Þegar svæðinu hefur verið flokkaskipt og skipulagt eftir einhverjum ákveðnum forsendum er lögð áhersla á að koma þeim upplýsingum áleiðis til vegfarenda og þannig geta þeir gengið að því vísu hvers eðlis hvert svæði er. Upplifun vegfarenda er háð persónulegri reynslu hvers og eins og því ekki hægt að segja fyrirfram hvernig upplifun fólk megi búast við (Roger N. Clark og George H. Stankely, 1979).

Afþreyingarrófið er því handhægt tæki til að leggja til grundvallar við gerð útivistarskipulags. Til að geta nýtt sér þá aðferðarfræði Afþreyingarrófsins þarf síðan að greina ýmsa þætti á viðkomandi svæði og má fyrst nefna vitneskju um hverjir, hve margir og hvernig fólk nýtir sér svæðið. Einnig þarf að velta upp því sem fyrir er og hvað vantar á viðkomandi svæði. Hægt er að stjórna **aðgengi** með vegum og slóðum, hvort vélknúin ökutæki séu leyfð, hvernig þessu skuli vera við haldið og þar fram eftir götunum. Hvernig **nytjar** eru af svæðinu skógarhögg, sveppir, malarnám og svo framvegis. Hafa þarf ákveðna **stjórn á svæðinu**. Hvernig skuli hugað að gróðri, aðgegni og almennu viðhaldi eru dæmi um slíka stjórnun. Mismunandi þarfir fólks eru á mismunandi svæðum og snýr það að **félagslegum samskiptum**. Sem dæmi vill fólk kannski ekki sjá annað fólk á sama svæði þar sem það á að heita afskekkt. Annað dæmi væri að hjólandi vegfarandi mætir gangandi en þeim síðari finnst að þarna eigi einungis að fara fram gangandi umferð. **Félagsleg þolmörk** þarf einnig að hafa í huga er lítur að ágang **svæða**, en það er að hvað kærir fólk sig um að margt fólk sé í nágrenni við það. **Áhrif gestanna** eru hins vegar alltaf óumflýjanleg. Gestir geta skilið eftir sig vegsummerki í formi átroðnings á gróðri eða mengun á vatni. Oftar en ekki eru áhrifin skaðleg og því þarf að undirbúa svæðið undir það. Að síðustu skal nefna **lög og reglugerðir** sem hafa áhrif á aðgengi og umgengni almennings (Roger N. Clark og George H. Stankely,1979, bls 8-15).

3. Aðferðir, gögn og úrvinnsla

Gagna var aflað með skoðanakönnun, viðtölum við ákveðna hagsmunaðila og samanburður gerður við tvo aðra útivistaskóga til að undirbúa gerð skipulagstillögunnar.

Kortavinna var unnin í Microstation og svo voru kortin handteiknuð til að gefa hlýlegra yfirbragð en töfluvinna fór fram í Microsoft Excel. Teiknaðar myndir voru unnar með penna og pappír en frágangur var í unninn í Photoshop.

3.1 Skoðanakönnun

Mikilvægt er að kanna viðhorf notenda, fjölda þeirra og óskir þegar útivistarskógar eru skipulagðir. Framkvæmdi höfundur könnun á viðhorfum notenda Selsskógar, en til hliðsjónar voru hafðar tvær skoðanakannanir sem gerðar voru í Kjarnaskógi árin 1993 og 2001. (sjá viðauka E)

3.1.1 Uppbygging könnunar

Margar aðferðir eru til að gera skoðanakannanir. Hægt er að taka fólk tali á förnum vegi, innan sem utan skógar, notast við veraldarvefinn, senda póst á íbúa, eða nota símakannanir. Hér var notuð sú aðferð að skilja eftir kassa og sem allir gátu svarað sem sem vildu. Slíkt form hefur bæði kosti og galla. Með því að láta fólk sjálft ráða ferðinni fást gjarnan fjölbreyttari og hnitmiðari svör. Eins er þetta ódýr aðferð. Að sama skapi er ekki hægt að ná til allra og hætt við að ákveðnir hópar svari frekar en aðrir. Einnig er hætta á að sami einstaklingur skili fleiri en einu svari. Dagana 1. júlí til 7. ágúst 2005 stóð skoðanakönnunin yfir í Selskógi.

Könnunin mátti ekki vera löng og eins einföld og kostur væri til að vegfarendur gæfu sér frekar tíma til að svara henni. Hún mátti ekki vera leiðandi og átti að lýsa hlutleysi að öllu leyti. Lagðar voru fram 10 spurningar á einu A4 blaði (Sjá í viðauka A og B). Könnunin var sett fram með þeim hætti að gestir ættu möguleika á að fylla út fyrrnefndan spurningalista ef þeim hugnaðist svo. Höfundur, ásamt aðstoðarmanni, kom fyrir kassa um 100 metra frá aðalinngangi skógarins. (Sjá kort í viðauka F)

Kassinn var með tveimur hólfum, vatnsþéttur að ofan en með loftun að neðan. Lágu eyðublöðin á grind svo þau myndu ekki blotna ef kassinn yrði skilinn eftir opinn. Í öðru hólfinu voru upplýsingar um skoðanakönnunina ásamt blýöntum, yddara og eyðublöðum. Eyðublöðin átti svo að fylla út og skila í hitt hólf kassans, sem myndi þá útleggjast sem pósthólf. Höfundur vitjaði kassans nánast á hverju kvöldi á meðan á könnuninni stóð. Við aðalinngang var svo skilti sem benti í átt að kassanum.


3.1.2 Úrvinnsla könnunar

Alls fengust 281 svör yfir rúmar fimm vikur sem gerir um 7-8 svör á dag að jafnaði. 48 svör (17%) voru ónothæf að mati höfundar, þannig að alls náðust 233 marktæk svör. Ástæða fyrir að ekki var hægt að taka mark á öllum var einfaldlega út af skopskyni krakka. Stundum var greinilegt að sami einstaklingur hafði svarað fleirum en einu eyðublaði og því voru þau sigtuð út og einungis notast við eitt.


Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum skoðanakönnunarinnar. Fyrst er fjallað um hverjir gestir Selsskógar eru, hvað þeir gera í skóginum, hvað þeim finnst að betur megi fara eða vanti á svæðið og að síðustu reiknaður út heildarfjöldi gesta yfir árið.

3.1.2.1 Hverjir eru gestir Selsskógar

Niðurstöður könnunarinnar sýna að skógurinn er meira sóttur af kvenþjóðinni eða um 2/3 hluta. Á það við um alla aldurshópa (Tafla 2). Ef horft er á sambærilega könnun úr Hallormsstaðaskógi kemur í ljós að kynjaskiptingin er tiltölulega jöfn þar. (Margrét Ólöf Sveinsdóttir, 2005, bls 14)



Tafla 2. Svör flokkuð niður eftir kyni og heildar svörun í hlutfalli af aldri. Einnig % dreifing milli aldursskeiða.




Tafla 3. Hlutfall svara eftir búsetu.

3.1.2.2 Búseta gesta

Í skoðanakönnuninni var svarandi beðinn að skrifa póstnúmerið á heimili sínu. Alls svöruðu 231 þessari spurningu. Höfundur flokkaði svörin niður í Egilsstaðabúar, Héraðsbúar, Austfirðingar (Póstnúmer 690-760, að 700 og 701 frátöldum) og aðrir Íslendingar. Engir útlendingar svöruðu enda spurningablaðið á íslensku. Lang flestir gestir voru frá Egilsstaðabæ en voru það 147.

3.1.2.3 Hvernig nota gestirnir skóginn

Spurt var um gjörðir fólks í skóginum. Fólk gat merk við ákveðnar athafnir og eins var boðið uppá að skrifa annað frá eigin brjósti.




Tafla 4. Gjörðir gesta, % milli allra svara.

Það markverðasta sem kom út úr svörunum var:

- Skokkarar koma áberandi mest úr hópi 21-45 ára.
- Göngufólk er oftast yfir 20 ára.
- Yngsti hópurinn fer ögn meira í leiktækin en 20-45. Telja má að yngri hópurinn sé að leik en sá eldri sé í gæslu.
- Þeir sem njóta náttúrunnar eru oftast þeir sem ganga.
- Alls viðruðu 34 hundinn er það um 14 % þeirra sem sóttu skóginn. Kynjahlutfallið þar er 19 karlar á móti 13 konum og tveir svara ekki kyni. Þá er hlutfallið hér um 60% karla á móti 40% konum.
- Áberandi er hvað krakkar nota íþróttavöllinn mikið. Gætu áætlaðar fótboltaæfingar átt vissan þátt í þessari háu prósentu, eða um 65%.
- Afslöppun er mjög svipað hlutfall þeirra og ganga og njóta náttúrunnar.
- 30 lágu í sólbaði og 70% þeirra voru þar langflestir úr aldurshóp 21-45. Það má til gamans geta þess að kynjaskiptingin er 12 karlar á móti 18 konum í heildina, en ef einungis er litið á þennan aldurshóp voru það 8 karlar á móti 12 konum þannig að prósentuhlutfallið er það sama, 60/40.

Inn á Töflu 4 vantar flokk að nafni Annað, en ekki var hægt að láta hann fylgja þar sem svörin komu úr svo mörgum áttum. Alls voru svörin 43 og voru flest frá krökkum en þar var nefnt fótbolti, hjólreiðar, nestisferðir, barnaafmæli, stefnumót, stjörnuskoðun gróðurskoðun svo nokkur atriði séu nefnd. Í mörgum tilvikum var einungis einn aðili sem nefndi þessa þætti.

3.1.2.4 Heimsóknir á veturna



Tafla 5. Dreifing svara eftir því hverjir nota skóginn að vetri til.


223 svöruðu spurningunni um hvort þeir notuðu skóginn á veturna. 109 sögðust nota hann og 114 sögðust ekki gera það. 10 svöruðu ekki. Það þýðir að hlutfallið er nokkuð jafnt, 49% segjast nota hann en 51% segjast ekki gera það.

Þegar skoðað er hvernig hann er notaður má sjá að þarna á það sama við og á sumrin, „ganga". Höfundur flokkaði allt annað undir Vetrasport.

- Leika sér á sleða/snjóþotu og í snjónum
- Gönguskíði
- Snjósleðaakstur


3.1.2.5 Hvað finnst gestunum mega betur fara eða vanta á svæðið

Spurt var hvort að gestum fannst vanta eitthvað á svæðið. 828 svör fengust í þessum lið og svöruðu honum allir. Með því að leggja fyrirfram gefin atriði fyrir má sjá afstöðu gesta á hverju máli. Auk þess var gefinn kostur á að koma öðru á framfæri í flokknum Annað, en þar fengust 49 svör.



Tafla 6. Vöntun eftir kynjum. Svarhlutfall kynja jafnað til að gefa gleggri mynd.

Í Töflu 6 má lesa út mun á því sem kynjunum finnst ábótavant. Ekki er áberandi munur milli neinna flokka.



Tafla 7. Vöntun eftir aldri. Svarhlutfalli hvers aldurs dreift á alla flokka.

Í Töflu 7 má lesa hlutfallslegan mun innan hvers aldursflokks og heildar svörunar. Þegar horft er á svör þeirra yngstu kemur í ljós að þeim finnst í heildina ekkert vanta, en vegur sá hópur 39%. Í þremur tilvikum fer hlutfallið þó upp í 11% en það er ekki afgerandi. Þessir flokkar eru Leiktæki, Veitingasala og Klifurveggur. Hvað varðar Leiktækin þá er þessi aldurshópur með mikla yfirburði en með Veitingasöluna og Klifurvegginn eru þau nánast samhliða aldurflokknum fyrir ofan.

15-20 ára eru með 12% hlutdeild. Áberandi er að þeim finnst mest vanta salernisaðstöðu (13%) og tjaldsvæði (13%). Skammt á eftir kemur Veitingasalan (11%) og Klifurveggurinn (11%).

21-45 ára hafa 33% hlutdeild. Áberandi er að þessi aldurshópur hugsar um umhverfið þar sem Vegvísar og merkingar (17%), Tenging (brú) yfir ána (15%) og Fleiri ruslatunnur (15%) eru þar hæst. Göngustígar og Hjólastígar fá hvor um sig sín 10%.

Svör elsta aldurflokksins eru svipuð og hjá 21-45 nema mun meira afgerandi. Vegvísar og merkingar hafa talsvert mikla yfirburði fram yfir aðra valmöguleika eða með 26% hlut. Skammt á eftir kemur Tenging (brú) yfir ána (20%) og þá Fleiri ruslatunnur (12%). Salernisaðstaða fær 10% og er það eina sem ekki á samleið með aldursflokknum fyrir neðan.

Allir aldurshópar eru samstíga með Æfingatæki og Grillaðstöðu eða um og yfir 5%.

3.1.2.6 Úrbætur og fleira


Í þessum flokki var fólk beðið að skrifa niður ef eitthvað var ábótavant. Alls svöruðu 165 eða um 70% aðspurðra og voru þau mjög fjölbreytt. Frá þessum 165 fengust 276 svör þar sem hver einstaklingur gat haft margt til málanna að leggja. Höfundur flokkaði þau niður í 47 flokka/atriði þannig að auðveldara var að sjá niðurstöður. Að auki var ákveðið að taka svarflokkinn "Annað" úr fyrri spurningu með í þessar niðurstöðu. Oftast lágu þau svör samhliða og því ekki hægt að leggja þau saman. Hér má sjá flokkunina og fjölda svara.

Almennt viðhald, grisja, kurla ofl.	47	Hringsjá	3
Laga göngustíga	36	Þjónustuhús	3
Fleiri leiktæki	18	Fræðslustíg	2
Malbika	13	Hjólagrindur	2
Vetarumhirðu og troða snjó	11	Kósý umhverfi	2
Gera kerru og hjólastólafært	10	Línuskauta- og hjólabrettabraut	2
Laga og viðhalda salerni	10	Minigolf og/eða golf	2
Bæta birkið	9	Reiðstíga	2
Gera ekkert, gott eins og það er	9	Veitingaaðstöðu á sumrin	2
Tengja skóginn hátíðum og o.þ.h.	9	Aðvörun við árbakkann	1
Viðhalda leiktækjum	9	Auglýsa, ekki fela skóginn	1
Borð og bekki	7	Banna hunda og hesta	1
Skýli, gerði og leiktækjageymsla	7	Breyta malarvegi í kurl	1
Vatnshana	7	Byggð komin of nálægt skógi	1
Fjarlægja fótboltavöll	5	Ekki malbik	1
Öruggar tengingar við bæ	5	Fækka trjám	1
Fleiri trjálundir, picknic	4	Húsbílaaðstöðu	1
Fleiri trjátegundir	4	Loka fyrir bílaumferð	1
Hreinsa mulning fyrsta spottann	4	Nota kortið sem Sirrý gerði	1
Lýsing	4	Rafmagnað svið í skóginn	1
Skiplag	4	Salerni fyrir fatlaða	1
Alhliða athafnavöll	3	Sjálfssala	1
Bæta fótboltaaðstöðu	3	Skotveiði	1
Halda við útileikhúsi	3	Tapað fundið	1

Tafla 8. Úrbætur og fleira.

3.1.2.7 Aðsókn að Selskógi

Kannað var hversu oft gesturinn kom í skóginn. Út úr þessum svörum má gróflega reikna út hver aðsóknin er á viku eða á dag. Í Töflu 9 er þetta gróflega reiknað og ef marka má útkomuna má finna út að 24 sækja skóginn daglega. Miðast sú tala áræðanlega eingöngu við um hálft árið, sumar og haust, en aðsókn í skóginn á veturna er minni vegna bleytu og fannfergis fyrst og fremst. Því er óhætt að reikna með afföllum að vetri og vori. Ef gengið er út frá því mætti ætla að niðurstaðan sé eitthvað lægri og þá töluvert lakari yfir vetrartímann. Samkvæmt þessu koma tæplega 9000 gestir í Selsskóg á ári.




Tafla 8. Dreifing svara um aðsókn í skóginn.

Aðsókn gróflega reiknuð

	Svör		vika		mán		ár		vika		dag
Oftar en 2x í viku	60	x2=	120	x4=	480	x12=	5760				
1-2 x í viku	41	x1=	41	x4=	164	x12=	1968				
1-3 x á mánuði	42			x2=	84	x12=	1008				
1-6 x á ári	37					x1=	37				
Sjaldnar	48					x1=	48				
Samanlagt á ári						=	8821				
meðaltal								/52=	170	/7=	24

Tafla 9. Grófir útreikningar um aðsókn yfir ákveðin tímabil.



Tafla 10. Aðsókn eftir aldri á ársgrundvelli.

Krakkar sækja lang mest í skóginn ef marka má Töflu 10, en þar má sjá hvernig aðsókn er innan hvers aðsóknarflokks m.t.t. aldursdreifingar.

3.1.2.8 Annað


Á spurningablaðinu var einnig hægt að skrifa „Annað" frá eigin brjósti. Tvö þeirra vill höfundur koma á framfæri fyrir bæði endurspeglun fjöldans sem og sjónarmið sem enginn nefndi. Svörin voru ólík, en þó má til gamans geta að þau komu með eins dags millibili, frá sitt hvoru kyninu, annað að kvöldi, hitt að degi, annað frá bæjarbúa en hitt frá Héraðsbúa, bæði yfir 45 ára, annað stundar skóginn mjög oft en hitt sjaldan og annað notar skóginn einungis á sumrin.

„Göngustíga, þarf að keyra möl á þá staði, sem eru blautastir. Planta, endurnýja birkiskóg og merkja áhugaverða staði t.d. kolagrafir og nöfn á plöntum. Gera betra/ viðhalda útileiktækjum."

„Þarf að grisja allan skóginn því hann er orðinn of gamall og getur ekki endurnýjað sig í svona gróinni jörð og þarf að planta nýjum birkitrjám inn, þurfa að vera komin vel uppúr grasi.
Það mætti kurla gömlu trén jafn óðum niður í stígana. Þarf að setja upp upplýsingaskilti um lífheim skógarins og árinnar. Benda á að óhætt er að

drekka vatnið úr ánni, þar sem engin byggð liggur að vatnsverndarsvæði hennar.

1) *1, Grisja, kurla, planta nýjum birkitrjám.*
2) *2, Upplýsingaskilti fyrir lífheim skógarins, plöntur, skóvir, fléttur, sveppir, skordýr (öll flóran og fánan).*
3) *3, Segja frá ánni, fiskum, fuglum og hreinleika vatnsins.*
4) *4, Taka útileikhúsið og söluaðstöðuna ALVEG í gegn, það er betra að rífa svona mannvirki heldur en að láta þau grotna niður.*
5) *5, Ráða "ALVÖRU" garðyrkjumann sem hefur umsjón og ábyrgð á þessu svæði."*




Tafla 11. Svörun eftri tíma sólarhrings

3.1.2.9 Annað sem áhugavert er að velta upp

Kannað var hvort fylgni var milli veðurs og svörunar. Afgerandi var að minna var svarað þegar úrkoma var um daginn. Fylgni eftir hita var einhver en ekki afdráttarlaus og vindur hafði engin áhrif.

Þá var skoðuð aðsókn eftir tíma sólarhrings og eins og sjá má á Töflu 11 var mesta aðsóknin að deginum og á kvöldin.

Á Töflu 12 má sjá dreifingu gjörða eftir tíma sólarhringsins.



Tafla 12. Svör flokkuð eftir tíma dags í hlutfalli af notkun.

3.2 Viðtöl við hagsmunaaðila

Rætt var við marga við gerð þessarar skýrslu en höfundur valdi úr einstaklinga til að ræða einslega við. Árni Ólason, íþróttakennari við Menntaskólann á Egilsstöðum, Edda Björnsdóttir, ábúandi á Miðhúsum og nágranni Selskógar, Helga Hreinsdóttir, framkvæmdarstjóri Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Hugrún Hjálmarsdóttir, byggingaverkfræðingur hjá Verkfræðistofu Austurlands og situr í nefnd deiliskipulags Selskógar og Jón Loftsson, skógræktarstjóri Skógræktar ríkisins, eru einstaklingar sem höfundur valdi fram yfir aðra vegna tengsla við nágrennið, skóginn eða skipulag að honum. Höfundur tók óformleg viðtöl við þetta fólk en leitaði eftir sérstökum sjónarmiðum frá hverjum og einum en það á sameiginlegt að koma beint að málum varðandi skóginn þar sem það býr allt á Héraði og hefur taugar til hans að einhverju marki. Fólkið kemur frá mismunandi stöðum úr þjóðlífinu og endurspegla ólík svið þess.

3.2.1 Árni Ólason, íþróttakennari við Menntaskólann á Egilsstöðum

4. janúar 2006 ræddi höfundur við Árna Ólason. Fór það fram í einni kennslustofu Menntaskólans á Egilsstöðum. Árni hefur starfað á íþróttasviði Egilsstaðabæjar um langt árabil og hefur haft veg og vanda að margs konar ungliðastarfi, íþróttaviðburðum, æfingum, mannvirkjum og svo mætti lengi telja. Hann hefur haft umsjón með sparkvelli í Selskógi en er hann notaður undir æfingar fyrir yngri flokkana á sumrin. Hann vill sjá skóginn notaðan af öllum aldurshópum og með æfingum í skóginum sé búið að opna nýja og heilbrigða sýn yngri þegna samfélagsins.

3.2.1.1.Vangaveltur

„Á Egilsstöðum er æfingaaðstaða til knattspyrnuæfinga af skornum skammti. Með því að nota gömlu túnin í skóginum undir þess háttar starfsemi opnast margir möguleikar. Skógurinn er betur nýttur, krakkar sæki meira í skóginn og þegar til lengri tíma er litið munu krakkarnir horfa með hlýhug til skógivaxinnar náttúru og mun sú sýn skila sér áfram til næstu kynslóða. Að auki er æfingasvæðið í góðu skjóli af trjánum og möguleikar til annarskonar nýtingar opnist með tilkomu þessa stóra opna svæðis."

„Heimavöllur Hattar, íþróttafélagsins á Egilsstöðum, í frjálsum og fótbolta er á Vilhjálmsvelli sem er staðsettur svo til í miðjum bæjarkjarnanum. Ef sá völlur yrði með gervigrasi mætti nýta hann mun betur heldur en bara undir heimaleiki."

„Skíðaíþróttinni mætti einnig gera góð skil í skóginum, bæði göngu- og annara skíðagreina."

3.2.1.2 Hugmyndir

„Núverandi völlur er nýttur fram úr hófi fram. Á kvöldin, eftir æfingar, eru gjarnan krakkar og fullorðnir enn að leik. Mig langar að fjölga æfingum inn í skóginn en til þess þarf meira svæði. Með því að stækka svæðið til norðurs má búa til annað stórt rými, álíka stórt og hið fyrra. Þannig mætti ná fram stærra æfingasvæði samhliða því að álag á vellina yrði minna. (sjá kort í viðauka G) Ekki mætti þá fella trén svo mikið að blési í gegn, vanda þyrfti til verka varðandi innfellingu nýja vallarins."

„Leiðin frá innganginum og niður að svæðinu liggur yfir erfiða hæð fyrir margt fólk. Ef opnað yrði fyrir takmarkaða bílaumferð inn í skóginn, að æfingasvæðinu mætti gera skóginn aðgengilegri fyrir hreyfihamlaða. Þar tæki svo við auðveldur og greiðfær hringur sem allir ættu að geta farið."

3.2.2 Edda Björnsdóttir, Miðhúsum

Þann 25. júlí 2005 fór höfundur ásamt Eddu í göngutúr um skóginn þar sem Edda benti á fjölda kostulegra og áhugaverðra hluta. Klukkublóm og bjöllulilju bar meðal annars fyrir augum þeirra en er það einungis til að undirstrika hvað skógurinn hefur upp á

að bjóða. Edda hefur búið á Miðhúsum frá árinu 1972. Eyvindará skilur að Miðhús og þéttbýlið og Miðhúsaá gerir það að hluta (sjá Mynd 2, bls 3). Edda er mikill náttúruunnandi og vill að Selskógur dafni samhliða Egilsstaðabæ, en ekki á kostnað hans.

3.2.2.1.Vangaveltur

„Selskógur er orðinn gamall beitarskógur. Eftir að hætt var að beita hefur skógurinn ekki getað endurnýjað sig vegna grósku í skógarbotninum. Flest öll trén eru á sama aldri og eru öll komin að fótum fram. Flóra skógarbotnsins er fjölbreytt og falleg og hefur verið allt of lítið sinnt (merkingar) við uppbyggingu ferðaþjónustu hér í þéttbýlinu. Mikið um sjöstjörnu, fjalldalafífil, blágresi, og fleiri háplöntur sem hægt er að lesa sér til um í úttekt Helga Hallgrímssonar á skóginum. Fuglar þessa svæðis eru músarindill, þröstur, þúfutittlingur, og stundum verpir hrafn í gljúfrunum. Straumendur, stokkendur, og urtendur eru á ánni. Ekki má gleyma hagamúsinni sem allsstaðar er sístarfandi í skógarbotninum."

3.2.2.2 Hugmyndir

„Ef mönnum er alvara með að hafa þetta áfram sem útivistasvæði fyrir þéttbýlið legg ég til að plantað verði háum garðplöntum (ca 1 m) af birki því ástand skógarins er orðið það slæmt að hann verður allur fallinn áður en eins árs plöntur verða vaxnar upp í einhverja hæð. Þá mætti einnig planta saman klón af blæösp sem vex í sama skógi en á öðrum stað. Reynistóð hefur löngum sett svip sinn á Eyvindarárgilið þó mörg þeirra séu fallin, eu þó nokkrir staðir eftir. Legg til að reyniviði verði plantað í stóð á nokkrum stöðum. Það er brýnt að halda svæðinu sem göngusvæði með góðum merkingum um náttúru skógarins (flóru, smádýrafánu, fuglar, og fiskar árinnar) best væri að leggja áherslu á þetta atriði, því svæðið er ekki vel fallið fyrir tjaldstæði (sveitarfélög eiga að leita eftir að einkaaðilar reki slík svæði) eða skíðasvæði því þéttbýlið er komið of nálæt."
„Besta gönguskíðasvæði Héraðsmanna er Fjarðarheiðin og sjálft Lagarfljótið."

3.2.3 Helga Hreinsdóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Austurlands

21. desember 2005 ræddi höfundur við Helgu Hreinsdóttur. Fór það fram á kaffistofu Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Egilsstöðum. Helga hefur sótt í Selskóg um langt árabil og kom, ásamt manni sínum Philip Vogler, og fleirum að uppbyggingu útileikhússins í skóginum. Helga hefur verið viðloðandi pólítík Egilsstaðabæjar og komið að umhverfismálum hans með beinum og óbeinum hætti. Helgu er kappsmál að gera skóginn sem hlýlegastan og aðgengilegastan.

3.2.3.1.Vangaveltur

„Nú liggur fyrir í náinni framtíð að tjaldsvæði Egilsstaðabæjar víki fyrir uppvexti bæjarins. Hugmyndir með að færa tjaldsvæðið upp í Selskóg hafa því komið upp. Kostirnir við það eru skjólgott og þægilegt umhverfi í anda Atlavíkur. Ókostirnir eru hinsvegar margir. Húsbílar og tjaldvagnar eru orðnir svo vinsælir að ekki væri hægt að mæta þörfum þeirra. Byggja þyrfti þjónustuhús, "backpackers" sækja mikið í þjónustu en langt yrði í hana að sækja. Lítið er um ákjósanleg tjaldsvæði í Selskógi nema helst þar sem nú er leiksvæði og sparkvellir. Með öðrum orðum, þetta færi ekki saman."

„Erla Dóra, dóttir mín, starfaði nokkur sumur hjá upplýsingamiðstöð/ tjaldsvæði Egilsstaða, kvaðst hafa bent mörgum ferðamönnum að leggja leið sína upp í Selskóg sér til ánægju og yndisauka. Gaf það í sumum tilvikum ekki góða raun, því hvort sem þeir voru af íslensku eða erlendu bergi brotnir áttu þeir það til að villast. Greinilegt var að skortur var á merkingum á gönguleiðum."

„Um það leyti er klakabrynja á gönguleiðum og afar erfitt að halda sér á tveimur fótum (getur höfundur vitnað um það). Því velti ég því fyrir mér hvort æskilegra sé að fara í meiriháttar framkvæmdir og jarðvegsskipta öllum gönguleiðum eða bara að lúta lögum náttúrunnar og klæðast mannbroddum."

„Vaðandi trjátegundir, þá vil ég í fyrsta lagi halda í gamla náttúrulega birkiskóginn, í öðru lagi mætti bæta inn blæsöp, en hana er að finna við fjósið handan Fagradalsbrautar og í þriðja og síðasta lagi vil ég vekja

athygli á reynilundum sem finna má víða innan skógarins. Ég hef reyndar takmarkaða þekkingu á trjám og vil að aðrir taki ákvörðun um þetta."

„Ég hef svolitlar áhyggjur af lýsingu á fótboltavöllum og vil alls ekki sjá flóðlýsingu."

„Gönguskíðum mætti gera hærra undir höfði. Til að komast hjá árekstrum meðal mismunandi þarfa gesta er æskilegt að troða annars vegar braut fyrir gönguskíði og hinsvegar fyrir gangandi vegfarendur, því vissulega er meira freistandi fyrir gangandi að feta eftir troðinni slóð, en hjá henni."

3.2.3.2 Hugmyndir

„Fræðslustíga væri gaman að sjá."

„Við innganga inn í skóginn yrðu þar til gerðir kassar sem hægt væri að nálgast einfalda bæklinga um skóginn. Gestir gætu tekið sér eintak og annað hvort skilað því eftir notkun eða tekið það með sér. Umsjónarmaður skógarins sæi svo um að halda þessum kössum við og fylla á þegar þyrfti."

„Vil sjá fleiri uppákomur innan skógarins. Nýta mætti útileikúsið betur, því óteljandi möguleika er hægt að tengja við það."

3.2.4 Hugrún Hjálmarsdóttir, byggingarverkfræðingur hjá Verkfræðistofnun Austurlands og situr í nefnd Deiliskipulags Selskógar

21. desember 2005 ræddi höfundur við Hugrúnu Hjálmarsdóttur á kaffistofu Verkfræðistofu Austurlands. Hugrún hefur sterkar taugar til skógarins. Faðir hennar, Hjálmar Jóelsson, er stórt nafn í sögu Selskógar og hefur hann gert mikið og göfugt verk þar og má þá helst nefna göngustígakefið. Hugrún hefur nú fetað í fótspor föður síns og vinnur nú í deiliskipulagsnefnd fyrir svæðið. Hugrún sér skóginn fyrir sér sem sælureit sem fjölskyldan getur átt náðugar stundir í, sem og stórt opið leiksvæði.

3.2.4.1.Vangaveltur

„Hlaðan er í niðurníðslu og finnst mér að annað hvort ætti að rífa hana eða koma henni í einhverja notkun." (sjá kort í viðaukum F og G)

„Stígarnir eru ekki boðlegir vegna bleytu á sumum árstíðum. Það verður að vinna þá þannig að þeir verði heilsársstígar. Finna þarf lausn sem vinnur varanlega á þessu vandamáli."

3.2.4.2 Hugmyndir

„Það er vöntun á svæði á Egilsstöðum þar sem hægt er að renna sér á sleða án þess að enda úti á miðri götu. Ég hef áhuga á að gera sleðabrekkur í Selskógi og koma þá tvær til greina. Sú fyrri snýr í austur, liggur niður í stóra laut sem liggur að byggð og er þar af leiðandi stutt að sækja frá bænum. (sjá kort í viðauka G) Hin liggur í vestur og er innar í skóginum og liggur að leiktækjunum. Gaman væri að skoða þessa möguleika betur. "

„Brúa ætti Eyvindará þegar aðsókn á núverandi svæði hefur aukist"

3.2.5 Jón Loftsson, skógræktarstjóri Skógrækt ríkisins.

15. mars 2006 snæddu höfundur og Jón Loftsson málsverð á kínversku veitingarhúsi í miðborg Reykjavíkur. Jón hefur komið víða við í málum skógræktar hérlendis sem og erlendis. Hann starfaði og nam skógrækt í um 7 ár í Danmörku og Noregi, kom svo heim til Íslands og fluttist á Hallormsstað. Jón starfaði sem aðstoðarskógarvörður á Hallormsstað frá 1974 – 1977, sem skógarvörður á Austurlandi frá 1977 – 1989 og sem skógræktarstjóri með aðsetur á Egilsstöðum frá 1990. Hann þekkir Selskóg, sem og aðra skóga landsins betur en margir aðrir. Hann vill sjá Selskóg dafna sem útivitaskóg með fjölbreyttri flóru og svipaðri notkun og þekkist í nágrannalöndum okkar.

3.2.5.1.Vangaveltur

„Skógar til útivistar eru heilbrigðismál. Víðsvegar um heim allan er það viðurkennt að aðgengi að skógum til útivistar og hreyfingar er mjög mikilvægt fyrir fólk í þéttbýli. Stór og mikill grænn trefill umlykur t.d. Oslóborg og er hann mikið nýttur af íbúum og öðrum bæði sumar og vetur. Heiðmörk við Reykjavík og Kjarni við Akureyri eru hér á landi dæmi um útivistarsvæði þar sem skógur er aðalaðdráttaraflið."

„Það þarf að bæta reiðleiðir á Héraði öllu sem og um Egilsstaði. Reiðleiðir í og við Egilsstaði eru vandamál sem þarf að leysa og mætti hugsa sér að hluti af reiðstígakerfi sem næði um allt Hérað væri í Selskógi.

Öllu jafna eru reiðleiðir á Héraði nærri þjóðvegum og er það afar hættulegt og fráhrindandi fyrir hesta og menn. Með því að einbeita sér meira að því að leggja reiðleiðir eftir gömlum þjóðbrautum og um gróin svæði eykst gildi reiðtúrsins til muna."

„Skógurinn er orðinn gamall en með grisjun og að hluta til með nýgróðursetningu væri hægt að endurnýja hann smám saman."

3.2.5.2 Hugmyndir

„Með bættara aðgengi í skóginn, ekki bara frá bæjarmörkum, væri hægt að auka útivistarmöguleika til muna. Almannarétturinn yrði betur nýttur og hægt væri að nýta stórkostlega náttúru í jaðri byggðar mun meira."

„Reiðleiðir þyrfti að leggja þarna um, en gæta þyrfti að því að ekki kæmi til árekstra milli gesta skógarins, hestamanna, hunda og annara."


„Tegundaval í skóginum mætti auka, því það hefur sýnt sig að fjölbreyttar trjátegundir er mikið aðdráttarafl meðal gesta, tökum Trjásafnið á Hallormsstað sem dæmi. Ég vil hinsvegar ekki að skógurinn breytist mikið úr núverandi mynd og ætti birkiskógur að sjálfsögðu að vera uppistaða skógarins, en ég held engu að síður að það væri gaman að sjá fjölbreyttari flóru í trjá-, runna- og undirgróðri. T.d. meðfram stígum, í rjóðrum og slíkt. Blæöspinni þyrfti að gera góð skil þar sem Egilsstaðaskógur er frægur fyrir náttúruleg heimkynni hennar. Barrtré ættu ekki að sjást utan frá skógi en innan hans er það í góðu lagi. Lerki og greni standa við hlöðuna í dag og vekja þau verðskuldaða athygli meðal gesta. Á veturna setja barrtré mun meiri svip á umhverfið en lauftré. Ég myndi vilja sjá Selskóg sem blandaðan birkiskóg og hafa barrtré þar sem við á."

3.3 Samanburður við aðra útivistaskóga

Tveir þekktustu útivistaskógar landsins nærri þéttbýli, Heiðmörk og Kjarnaskógur eru fjölsóttir útivistarskógar. Í þessum kafla verður fjallað lauslega um hvorn fyrir sig og þeir bornir saman við Selsskóg við gerð skipulagstillögunnar.

3.3.1 Heiðmörk

27. janúar 2006 talaði höfundur við og fór í vettvangsferð með Valdimari Reynissyni, verkstjóra í Heiðmörk frá 1990-2001. Valdimar hafði á þeim tíma veg og vanda að framþróun Heiðmerkurinnar hvað varðar skógrækt, fjölskylduvænt umhverfi, stígakerfi og svo mætti lengi telja.



Mynd 3. Yfirlitskort af Heiðmörk

3.3.1.1 Forsaga Heiðmerkur


Heiðmörk þýðir „Bjartur skógur.” 1949 var svæðinu gefið nafnið Heiðmörk og var plantað 5000 plöntum það sama ár í lund er nú nefnist Undanfari. Aukning varð í plöntun ár frá ári og nú er Heiðmörk einn þekktasti útivistarskógur landsins. (Birgir Ísl Gunnarsson ofl., 1975, bls 9)

Svokölluðum landnemaspildum var úthlutað til félaga og samtaka í því skyni að rækta upp í sjálfboðavinnu. Friðlandið hefur verið stækkað töluvert frá sinni upprunarlegu mynd og er nú um 3000 hektarar að undanskildu verndarsvæði Gvendarbrunna (Net 6). Skógarþekja á Heiðmörk er eftirfarandi: Gróðursettir skógar 738 hektarar (25%), birki og víðikjarr 605 hektarar (20%), og gerir það 1343 hektara af skógivöxnu landi (45%) (Einar Gunnarsson og Skarphéðinn Smári Þórhallsson, 2003). Vinnuskóli Reykjavíkur hefur komið mikið við sögu í Heiðmörkinni. Allt frá 1956 hefur skólinn fengist við að planta og nú undir það síðasta hefur hann unnið við stígagerð og almennt viðhald. Í dag er Heiðmörk í eigu Reykjavíkur, Garðabæjar og Orkuveitu Reykjavíkur. (Net 6)

3.3.2 Kjarnaskógur

3. apríl 2006 átti höfundur símtal við Hallgrím Indriðason, fulltrúa skipulagsmála hjá Skógrækt Ríkisins, Akureyri. Hallgrímur var formaður Skógræktarfélags Eyfirðinga sem og framkvæmdarstjóri útivistarsvæðisins frá upphafi 1972 til ársloka 2003.

23. apríl 2006 hafði höfundur samband við Bergsvein Þórsson, forstöðumanns skógarreita í Kjarnaskógi varðandi ýmis mál er snéru að Kjarnaskógi.



Mynd 3. Útivistarsvæðið í Kjarnaskógi

3.3.2.1 Forsaga Kjarnaskógar

Landið í Kjarna var þrautnýtt beitarland áður en Skógræktarfélag Eyfirðinga fékk það leigt af Akureyrarbæ 1947 og hefur svæðið stækkað í áföngum upp í um 800 hektara Skipulögð voru landnemasvæði fyrir félagasamtök í nágrenninu og voru mörg hver ákaflega afkastamikil. Gríðarlegum fjölda tegunda hefur verið plantað í Kjarnaskógi en mest hefur verið plantað af birki, skógarfuru, rauðgreni, lerki og sitkagreni. Sama má segja um nærliggjandi svæði, Naustaborgir, Hamraborgir og

Eyrarlandsháls. 1971 var ákveðið af Skógræktarfélagi Eyfirðinga, Skógræktarfélagi Akureyringa og Akureyrarbæ að gera Kjarnaskóg að útivistarsvæði fyrir Akureyringa og nærsveitamenn. Nú er Kjarnaskógur í eigu Akureyrarbæjar og dafnar skógurinn afbragðs vel og er ákaflega vinsælt útivistarsvæði. (Ásýnd Eyjafjarðar, bls 128-136)

3.3.3 Samanburður á Heiðmörk, Kjarnaskógi og Selskógi

Í Töflu 13 er samanburður á skóglendunum þremur þar sem hægt er að greina stöðu ýmissa þátta í Selsskógi samanborið við hin fjölsóttu útivistarskógana.

	Heiðmörk	Kjarnaskógur	Selskógur
(1) Nafn	Bjartur Skógur	Bæjarnafnið Kjarni	Sel sem stóð þar, (stundum kallað Vémörk)
(2) Staðsetning	Höfuðborgarsvæðið	Eyjafjörður/ Akureyri	Egilsstaðir
(3) Fyrra ástand og notkun	Móar, beitiland,	Tún, beitiland	Náttúrlegur birkiskógur, beitarskógur
(4) Ræktun	Plantað 1949 (Undanfari) Landnemaspildur	Byrjað að Planta um 1947	-
(5) Ríkjandi trjátegundir	Birki, sitkagreni, stafafura og víðitegundir	Birki, lerki, rauð-, sitkagreni og Stafafura	Birki
(6) Fjöldi trjátegunda	60-80 tegundir	um 180 tegundum hefur verið plantað.	+/-10
(7) Stærð	Yfir 3000 ha	800 ha (fyrst 86 ha)	80 ha
(8) Sérkenni á svæði	Gvendarbrunnar, vatnsból	Klettar ofan skógar	Eyvindarárgil
(9) Vinnuskólinn	Hófst 1956 (útplöntun, stígagerð og almennt viðhald)	útplöntun og almennt viðhald	Óreglulegt (stígagerð og viðhald)
(10) Yfirmenn	3 heilsársstöður	1,2 heilsársstöður	Umhverfissvið
(11) Sumarstarfsmenn	90 unglingar (3x30) 100 manns í heildina	10 unglingar 3 sumarstarfsmenn	Óreglulegt
(12) Umsjón	Skógræktarfélag Reykjavíkur	Skógræktarfélag Eyfirðinga	Fljótsdalshérað
(13) Eigendur	Reykjavík og	Akureyri	Fljótsdalshérað

	Garðabær		
(14) Landlega	Frá 70- 170 m.y.s., hraun	Jafn halli frá 5-400 m.y.s	Klettar og ásar
(15) Stígar	2 metra breiðir Malarstígar og Akvegir	Akvegir,malbik og möl Aðalstíagar um 3m möl, Göngusígar um 1.5m möl, Skógarstígar < 1m kurl	Akvegur og Skógarstígar < 1m kurl
(16) Vetrarviðhald	Stígar troðnir fyrir gönguskíði, ekki ruddir til göngu	Stígar troðnir fyrir gönguskíði, ekki ruddir til göngu	Stígar troðnir fyrir gönguskíði, ekki ruddir til göngu
(17) Lýsing	Nei	já. Flestir aðalstígar upplýstir alls um 5,4 km.	Nei
(18) Vatnssalerni	1 heils árs, 3 sumar	1 heils árs(2 klósett) 1 sumar (4 klósett)	1 sumar, (2 klósett)
(19) Kamrar	1 kamar	Nei	nei
(20) Skilti	Kort af svæði, umgengisreglur og helstu upplýsingar á nokkrum stöðum (ál og timbur)	Kort af svæði umgengisreglur og helstu upplýsingar á 4 stöðum (ál og timbur),	Eitt við inngang
(21) Fornminjar	Elliðavatnsbærinn (Einar Ben), (Verðandi Heiðmerkursafn) Kolagrafir, rústir í Þingnesi og ýmis örnefni. Gömul þingslóð lá þar um.	Tóftir fjárhúsa, veggir umhverfis matjurtagarð sjáanlegir við gamla kjarnabæinn. Tóftir beitarhúsa, stekkja, fjárhúsa og annara útihúsa all víða í skógræktarsvæðinu	Beitarhólf, torf- og grjóthleðslur.
(22) Leiktæki	>10 Eitt leiksvæði með grill aðstöðu sparkvelli og leiktækjum. Sparkvöllur á tjaldstæði	2 leikvellir, á þeim eru rólur, rennibrautir, aparóla grillhús o.s.frv.	1 leikvöllur. Þar er sparkvöllur, aparóla, kastali, sandkassi og róla
(23) Grill	7	grillhús	Engin

(24) Trimmtæki	Engin	Já	Nei
(25) Reiðleiðir	Já, afmarkaðar	Já, afmarkaðar. Á Naustaborgar svæði	Nei
(26) Lausaganga hunda	Óheimil	Óheimil	Óheimil
(27) Skipulögð tjaldsvæði	já	Nei	Nei
(28) Spellvirki	Nokkuð algeng	Kemur fyrir	Kemur fyrir
(29) Aðsókn á ári	3 x Reykvíkingar	7 x Akureyringar	2 x Egilsstaðabúar

Tafla 13. Samanburður á ýmsum skipulagsatriðum á Heiðmörk, Kjarnaskógi og Selskógi.

Nánar er fjallað um nokkra einstaka þætti samanburðarins hér:

15) 2 metra breiðir stígar eru víða um Heiðmörkina. Þeir voru unnir með höndum og hjólbörum. Plastdúkur var lagður á jörðina og 25 sentimetra malarlag ofaná. Nú er það gert svipað nema fyrst er grafið niður og svo dúkurinn lagður með öllu tilheyrandi. Vegna þess að þetta er á vatnsverndarsvæði var óheimilt að leggja malbik, nema í sitt hvorum enda Markarinnar. Á veturna eru stígarnir troðnir fyrir gönguskíði en þeir eru ekki ruddir. (Valdimar Reynisson, 2006)

Sett hefur verið upp fjórþætt stígakerfi í Kjarnaskógi. Akvegir, aðalstígar, göngustígar og skógarstígar. Akvegir eru malbikaðir, aðalstígar eru malbikaðir og 4 metrar í þvermál. Göngustígar eru með malarlagi, um 3 metra breiðir og skógarstígar mjórri en hinir með kurli.

Má segja að í Selskógi séu aðeins skógarstígar og einn akvegur, þar sem mun betra er að keyra hann en ganga á honum.

17) Tvennskonar lýsing er í Kjarnaskógi. Sú eldri var sett upp árinu 1976 og var kostuð af Orkuveitunni. 5 metra háir, blálýsandi staurar með 40 metra millibili. Hver staur dekkar 15 metra radíus í kringum sig eða 30 metra af stígnum, þar af leiðir eru alltaf 10 metrar milli staura sem ekki er lýsing á. Skapar það vissa stemningu í göngutúrum.

Nýrri lýsingin er staðsett í „Nýja Kjarna", eins og heimamenn vilja kalla það. Hún er gerð úr gömlum rafmagnsstaurum og er hún í 10 metra hæð en töluvert lengra er á milli staura. Sú lýsing er gul og er ástæða þess sú að fengin var gömul lýsing frá Akureyri sem verið var að rífa.

29) Aðsókn. Ef marka má svörun um aðsókn í Selskóg í kafla 3.1.2.7. og útreikninga úr Töflu 9 kemur fram að möguleg aðsókn í skóginn á ári 8821 gestir en eru það tæp 2% af aðsókn í Heiðmörk og um 7% aðsóknar í Kjarnaskóg. Reikna má út úr Töflu 14 að 1.400 gestir eru á meðaltali á dag í Heiðmörk en 24 í Selskóg og 43 í Kjarnaskóg. Höfuðborgarsvæðið er hér flokkað sem Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes, Garðabær og Hafnarfjörður, Hérað sem Fljótsdalshérað og Fljótsdalshreppur, og Eyjafjörður sem Akureyri, og Eyjafjarðarsveit.

	Stærð (ha)	Árs aðsókn	gestir/ha/dag	Íbúafjöldi *	heimamenn/ha/dag	Hlutfall (%) íibúa
Heiðmörk	3000	500000	0.46	177603	0.16	282
Selskógur	80	9000	0.31	4260	0.15	211
Kjarnaskógur	800	120000	0.42	17714	0.06	677

* Hagstofan 1. des 2005

Tafla 14. Aðsókn í nærliggjandi útivistarskóga frá völdum þéttbýlum.

4. Niðurstöður

Mikil vakning er á umfjöllun um heilsu og útivist, ekki síst í samhengi bættrar lýðheilsu. Aðalatriðið er að tryggja almenningi aðgengilegan vettvang til útivistar og hreyfingar og gegna skógi vaxin svæði miklu hlutverki í því samhengi við þéttbýli. Út úr skoðanakönnuninni kom margt í ljós. Sumt var fyrirfram vitað, en gott var að fá sönnun á því. Í ljós kom til dæmis að mikill meirihluti gesta í Selskógi voru Egilsstaðabúar og flestir komu þeir til að ganga og njóta náttúrunnar. Fimmtungur kom til að viðra hundinn. Á veturna koma lang flestir til að ganga en þó nokkrir til að stunda alls konar vetrarsport. Áberandi var hvað mikill meirihluti vildi fá vegvísa og merkingar. Sama var uppi á teningnum þegar komið var að málum handan ár, í Miðhúsaskógi, en mjög margir vildu fá tengingu yfir ána. Uppbygging stígakerfisins virtist vera mjög ágæt. Kurl er algengt yfirborðsefni, en ekki er hægt að ganga eftir kurlstígum í skóginum allt árið um kring. Auk þess má nefna að óskað var eftir betri umhirðu og almennu viðhaldi á stígum, ruslatunnum, salerni og gróðri. Bersýnilega kom líka í ljós að yngstu gestirnir vildu fleiri leiktæki.


Margt sem kom í ljós í skoðanakönnuninni endurspeglaðist í svörum viðmælenda höfundar. Eins og almennt viðhald, betrumbæta stíga, fleiri vegvísa og brúa ánna. Annað sem kom í ljós var að vöntun er eftir sparkvöllum á svæðinu og er góður möguleiki á einhverri stækkun í skóginum. Skíðaíðþróttinni þarf einnig að gera skil. Mikið atriði er að koma öllum hópum samfélagsins inn í Selskóg til að njóta þess sem okkur öllum ætti að vera sjálfsögð mannréttindi. Planta þyrfti inn birki til að endurgera skóginn. Þá væri ráð að planta blæösp og fleiri tegundum líka. Eftirspurn eftir gistiplássi er alltaf til staðar og

umhugsunarefni hvort ekki ætti að leyfa bakpokapláss á svæðinu. Að síðustu kom fram að tengja þyrfti reiðleiðir einhvern veginn fram hjá, eða í skóginum.

Þegar horft er á samanburðinn á Heiðmörk og Kjarnaskógi kemur í ljós að þessi útivistarsvæði eru mjög ólík, þó svo að öll séu þau útivistarsvæði í skógi. En þó margt sé ólíkt má draga lærdóm af þeim. Bæði Kjarnaskógur og Heiðmörk eru mun betur sóttir en Selskógur enda miklu fjölmennari sveitarfélög og lengri hefð til útivistar í skógunum þar en í Selskógi

5. Hönnun og skipulag

Hönnun að skipulagi á svæðinu byggist á niðurstöðum sem fengnar voru úr fyrrgreindum köflum. Skýrt er frá hverjum þætti fyrir sig og þeim ástæðum sem liggja að baki.



Mynd 4. Skóginum er skipt í tvö svæði eftir Afþreyingarrófinu (ROS)

5.1 Afþreyingarrófið (ROS)

Í Kafla 2.2 var fjallað um Afþreyingarrófið sem byggðist á því að flokka skipulagssvæði í fyrirfram gefna flokka eftir landnotkun. Hér er valin sú leið að skipta skóginum í tvo flokka og kalla Selsskóg og Miðhúsaskóg og láta Eyvindará skipta.

Selskógur er hér settur í flokk 5 "Sveit". Hann er öllum opinn og tiltölulega auðveldur yfirferðar fyrir fólk. Með bættu aðgengi og vissum endurbótum og stígagerð má einnig opna hann fyrir þá sem eiga erfitt með gang, en komið hefur bersýnilega í ljós að ganga er vinsælasta afþreyingin sem stunduð er í skóginum. Til staðar eru nú þegar leiktæki og sparkvellir í Vémörkinni og útileikhús skammt frá.

Miðhúsaskógur, er hér settur í flokk 2, "Hálf frumstæð svæði" þar sem vélknúin ökutæki eru ekki leyfð. Með göngubrú má opna inn á það svæði og er það tiltölulega ósnortið í dag. Vegir liggja um svæðið og hefur verið farið á vélknúnum ökutækjum þarna í gegnum tíðina. Þó er umferð þarna takmörkuð og hætt við að vegurinn hverfi senn í skóg, þar sem ekki er grisjað meðfram þeim. Gestir geta gert ráð fyrir meira næði á svæðinu.

5.2 Aukin fjölbreytni gróðurs

Skógurinn er náttúrulegur birkiskógur og í samvinnu við beitardýr, hefur hann náð að haldast í góðu jafnvægi. Gæta verður að því að skógurinn haldi sér í kjölfar beitarfriðunar og koma verður í veg fyrir að hann falli þar sem lítið ber á endurnýjun. Bæði í skoðanakönnuninni og hjá viðmælenda komu fram áhyggjur hvað þetta varðar. Með gróðursetningu á ungum birkiplöntum má bæta skóginn og tryggja að hann endurnýjist. Fjölbreytt kvæmaval er mikilvægt bæði fyrir skóginn og gesti hans. Í útivistarskógum er vinsælast að hafa eins fjölbreytt umhverfi og völ er á og með mörgum gerðum einstaklinga er þeim óskum framfylgt. Frá bænum séð er birkiþekjan ákaflega falleg á haustdögum. Lítið ber á rauðum litum þar sem flest birki á Austurlandi er ekki þess kostum gætt. Meiri roði er í birkinu sunnanlands þar sem það er blandað fjalldrapa, en hann fær rauða haustliti. (Bjarni Diðrik Sigurðsson, 2005) Til að auðga litadýrð fyrrnefndrar hlíðar án stórvægilegra breytinga má bæta inn annars vegar meiri reyniviði og hinsvegar meiri fjölbreytileika í kvæmaval á birki. Vissulega fær undirgróður á borð við bláberjalyng rauðan lit, en oft er laufkrónan það þykk að ekki sést niður í svörðinn.

Þegar inn í skóginn er komið mætti planta inn stökum, erlendum tegundum lauftrjáa í námunda við stíga. Þá væri vinsælt að hafa fróðleik á skiltum um tegundir, líkt og gert er í Heiðmörk, Kjarnaskógi, Trjásafninu í Hallormsstað og víðar. Ekki væri þó þörf að hafa skiltin nema á afmörkuðu svæði, sem mætti kalla fræðslustíg, og væri eðlilegast að hafa

hann þannig að allir vegfarendur kæmust að honum og vill höfundur því hafa hann á þeim stígum sem eru bestir yfirferðar. Með fjölbreyttari flóru trjá er verið að auðga vistkerfi skógarins og auka fjölbreytni hans til útivistar og náttúruupplifunar. Mögulegt er að botngróður auðgist, til dæmis með tilkomu sveppa sem og hugsanlega bættum skilyrðum fyrir suman undirgróður. Vegfarendur yrðu ekki einir um að njóta þessa því fuglalíf yrði líkast til auðugra með tilkomu fleiri trjátegunda, án þess að sjálfsögðu að breyta heildaryfirbragði birkiskógarins.

Sígrænar tegundir eru nú þegar í skóginum. Bæði íslenski einirinn og innfluttar sígrænar trjátegundir. Höfðu bæði Jón Loftsson og Hallgímur Indriðason það á orði að ekki mætti loka algerlega á barrtrén þó svo að heildarsvipur skógarins breytist. Hallgrímur komst svo að orði.

"Sígræn tré væru falleg í lundum upp á vetrarvist að gera, en þó ber að fara varlega með það. "

Í Miðhúsaskóg hefur verið plantað Alaskaösp í kringum lítið afgirt svæði fyrir hjólhýsi og eitthvað af sígrænum trjám.

Óþarft er að gera plöntulista yfir einhverjar vissar tegundir því sá kafli tæki seint enda. Greint hefur verið frá mikilvægi birkis og ætti að leggja mest upp úr því. Val á öðrum tegundum skal þó fara í með varhug og ekki ana í eitthvað sem ekki er vitað fyrirfram hvernig fer. Blæöspin er eitt af einkennum Egilsstaðaskógar en engin blæösp er í Selskógi og ætti að gera henni góð skil þar einnig. Skilyrði fyrir hana eru góð. Reynivið mætti planta í lundi hingað og þangað um skóginn. Hvað erlendar trjá- og runnategundir varðar skal hér nefna nokkrar, en eru þær einungis nefndar að handahófi. Gráelri, hengibjörk, mispill, toppur, kvistur, yllir, koparreynir, sýrena, heggur, gullregn, álmur, rifs, rússalerki, lindifuru, blágreni og hvítgreni.

5.3 Aðkoman

Eins og fyrr segir er bílaumferð meðfram skóginum oft mjög mikil og því aðgengi að skóginum heft. Vegagerðin hefur hugmyndir um vegstæði ofan við skóglendi sveitafélagsins og gæti það dregið úr umferð á Eiðavegi, eins og hann er stundum kallaður. Fjallað er betur um þetta í kafla 5.10.4 hér á eftir.

Höfundur leggur til að megin inngangar í Selskóg séu þeir sömu og eru við líði dag. Syðri inngangurinn er tiltölulega nýr og er líklegast mest nýttur af ábúendum þess hverfis. Að þeim inngangi liggja nokkur bílastæði en ágætis möguleiki er á stækkun þess ef þörf bæri á. Inngangurinn við brýrnar er hinsvegar gamall og rótgróinn. Bílastæði þar yrði að stækka lítillega. Það getur tekið um 10 húsbíla og 10 smábíla í dag en þar sem sjaldnast er

svo mjög þröngt þar að ekki er þörf að stækka það í bráð. Á báðum svæðum yrðu skilti með korti og öllum helstu upplýsingum til staðar.

Aðrar aðgönguleiðir eru í megin dráttum þrjár. Tvær þeirra liggja úr íbúðahverfinu sem liggur í jaðrinum. Á deiliskipulagi hverfisins er gert ráð fyrir tengingum inn í skóginn og hefur höfundur tengt þá inn á stígakerfi skógarins. Hin er hugsuð sem græn tenging úr bænum. Skammt frá er íþróttaleikvangur Egilsstaðamanna, Vilhjálmsvöllur, þangað er hindranalaus gönguleið. Spölkorn frá er nýlegur leikskóli og háhýsi en skilur að fyrrgreindur vegur, sem ýmist er kallaður Eiðavegur, Seiðisfjarðarvegur eða Borgarfjarðarvegur af heimamönnum. Höfundur leggur til að breyta þurfi þessum vegi á stuttum kafla svo öruggt aðgengi sé sem styðst frá leikskólanum og yfir í skóg. Auk leikskólabarna má hugsa sér að bílastæði við leikskólann geti nýst á kvöldin fyrir aðra gesti skógarins. Þarna mætti einnig hugsa sér göng undir veginn fyrir gesti.

5.4 Grill

Færst hefur í vöxt að fólk vill fara inn í skóg að grilla. Lögð er til hugmynd að þremur grillaðstöðum víðsvegar um skóginn. Hver aðstaða er hugsuð í megin dráttum fyrir þau hverfi sem liggja næst skóginum þó svo að þau séu öllum opin.

5.5 Skíðabrekkur

Á veturna er skógurinn talsvert notaður til skíðagöngu. Einnig er möguleiki á skíðabrekkum víðsvegar um skóginn og tók höfundur afstöðu um staðarval eftir gamalli forskrift tveggja viðmælenda sinna. Þessi aðstaða er ákjósanlegri en margar aðrar í skóginum. Hún liggur skammt frá byggðinni og hægt er að sjá inn á svæðið frá bænum. Tvær mjög mis brattar og mis langar brekkur liggja að einu stóru opnu rými. Báðar brekkurnar eru langar en eru þær mjög mis brattar. Önnur er ákaflega hentug fyrir byrjendur á skíðum en hin er fyrir lengra komna skíðamenn og sleðakrakka. Þar sem svæðið liggur á frekar blautu svæði og vatnsvarmi er mikill fram eftir vetri mætti huga að einhverri ræsingu til að snjólög héldust betur. Klettahamar skilur brekkurnar sundur. Glæsilegt er að horfa ofan af honum og stórfenglegt væri til dæmis fyrir foreldra að tilla sér þar og horfa á krakkana renna sér á sleða.

5.6 Hringsjá

Margir klettar eru í skóginum og er víða gott útsýni. Í skoðanakönnuninni komu óskir um útsýnisskífu. Hæsti hjalli skógarins er á Selhæð, oft nefnd Hermannahæð er 90 metra yfir sjó og er tilvalið að setja upp skífu þar. Ekki mun þó líða á löngu áður en vatnstankur verði reistur uppi á sömu hæð og því mun hann byrgja sýn í suð-austur, í átt

til Fagradals. Fleiri staðir koma til greina og fannst höfundi erfitt að gera upp á milli þeirra en fann svo út að á Egilsstaðaöxl, mitt á milli útileikhúss og inngangs má sjá víða og því vel við hæfi að setja þar upp hringsjá.

5.7 Handrið

Á leiðinni frá salerni upp að útileikhúsi leggja margir leið sína, meðal annars til að sjá gulvíði vaxa við sérstakar aðstæður. Hann vex upp úr klofnu grjóti og dafnar ágætlega (Helgi Hallgrímsson, 2005). Þar er um bratta brekku að fara og margt fólk á erfitt með að komast upp hana. Því leggur höfundur til að stígurinn verði lagaður umtalsvert eða nýr lagður. Við hana ætti að vera handrið svo fleiri eigi möguleika á að komast um.

5.8 Gróðurvin

Ein aðferð við að auka við fjölbreytni í skóginum er að gera gróðurvinjar við aðalstíginn, þar sem hann á að vera líka fræðslustígur að hluta. Hugmyndin er að auðga fjölbreytileika fyrir gesti. Þessar vinjar má setja upp á margan hátt. Ein leið væri að hafa þær sem náttúrulegastar þannig að þær þyrftu ekkert viðhald. Önnur leið væri að vera með sumarblóm og meiri ummönnun.

5.9 Drykkjarfontur

Í skoðanakönnun kom fram bæði að vatnið úr Eyvindará væri gott og óskað var líka eftir drykkjarvatni innan skógarins. Erfitt er að komast niður að ánni nema á einum stað, rétt neðan við Vémörkina og er einna best að komast í gott drykkjarvatn þar. Hinsvegar væri gott að hafa drykkjarfonta vítt og breitt um skóginn en erfitt og kostnaðarsamt er að leggja lagnir í þá. Þegar vatnsgeymirinn verður settur upp má hugsa sér að styttra verði um lagnir og því leggur höfundur til að settur verið upp drykkjarfontur við hamarinn við skíðabrekkuna.

5.10 Stígakerfi

Margar leiðir liggja um skóginn vítt og breitt í dag. Ekki má þá fara um þessa stíga allan ársins hring vegna vætu en þarf að koma þeim í þess háttar horf að hægt verði að nota skóginn allt árið. Höfundur hafði stígakerfi í Heiðmörk og Kjarnaskógi til hliðsjónar og reyndi að samræma það en hélt líka sérkennum svæðisins.

5.10.1 Aðalstígar

Aðalstígarnir yrðu um 2 km að lengd og mynduðu tvo hringi. Einn lítinn í kringum einskonar dý og annan stóran um Vémörkina. Við stíginn væru margar trjátegundir og

yrði lagt upp með að gera þá að nokkurskonar fræðslustígum með merkingum á trjám, grösum, dýrum og öllu því sem vert er að skoða. Á aðalstígum yrði yfirborðsefni malbik og er stígunum skipt í hjólandi umferð og gangandi umferð. Yfirborðsefnið þarf að vera eins slétt og kostur er því hjólastólar eiga að geta komist þetta með sem bestu móti. Malbik er því einn ákjósanlegasti kosturinn. Olíumöl og bundið slitlag hentar ekki þar sem álag er ekki það mikið að misgengi í jarðvegi geti rofið flötina (Pálmi Hreinn Sigurðsson, 2005). Aðalstígarnir yrðu upplýstir, en það er hentugt að leggja lagnir með stígagerðinni.

5.10.2 Göngustígar

Göngstígar yrðu með svipuðu sniði og er nú, þar sem mikil ánægja virðist vera með þá. Þeir yrðu að lang mestu leyti úr kurli, en sumstaða er hætt við að möl verði að vera á blautustu köflunum til að hafa þá sem lengst opna yfir árið. Hafður yrði sami háttur á og gert er í dag, það er að kurla reglulega í þá og viðhalda þeim. Vegvísar yrðu við hver gatnamót á þessum stíg.

5.10.3 Slóðar

Nautaslóðar liggja víða um skóginn og yrðu þeir stikaðir út þannig að hægt sé að fara eftir þeim í núverandi mynd. Engar aðrar merkingar yrðu við þá, aðrar en þær sem koma á korti. Ekki yrðu allir slóðarnir merktir þar sem svo mikið er til af þeim.

5.10.4 Akvegir

Vegagerðin hefur upp hugmyndir með lagningu vegar ofan við skipulagðan hluta Miðhúsaskógar og þar af leiðandi Selskógar. Þessi vegur myndi taka meðal annars þungaflutninga sem annars færu í gegnum bæinn. Hann héldi svo áfram frá Fagradal norður eftir jaðri útivistasvæðisins, milli Miðhúsa og Steinholts og myndi enda skammt frá flugvellinum og tengjast þannig hringveginum. Þegar og ef af þessum framkvæmdum verður breytast ýmis skilyrði. Aðgengi að skóginum yrði að öllum líkindum mun betra þar sem mikil umferð sem nú fer þar um flyttist yfir á þennan veg. Hafa mætti samráð við Vegagerðina um að ekki yrði heft aðgengi frá skóginum upp í fjall. Einnig væri kostur að samnýta brúnna sem kæmi við Fagradal undir reiðveg. (Sjá hugmyndir Vegagerðarinnar í viðauka D) (Sveinn Sveinsson. 2005). Ekki má þó ganga að þessu vísu þó að þessi hugmynd hafi vissulega borið á góma.

5.11 Upplýsingaskilti

Við megin inngangana tvo væri að finna upplýsingar og kort svo hægt sé að átta sig á aðstæðum. Einnig væri tvískiptur kassi þar sem hægt væri að nálgast kort af svæðinu úr öðru hólfinu og svo myndi fólk annað hvort skila því aftur eða taka með sér heim og í hinu hólfinu væri "Tapað Fundið" hólf sem heiðarlegir gestir gætu komið fyrir smærri óskilamunum.

5.12 Áningastaðir

Hafðir yrðu bekkir víðsvegar um skóginn fyrir gesti til að tilla sér á og njóta tilverunnar. Í sumum tilvikum væri einnig borð. Ekki er skilyrði að hafa bekki og borð, möguleiki á torfhleðslu eða hvað eina er líka í myndinni sem form á áningastað.

5.13 Áhugaverðir staðir

Fjöldi áhugaverðra staða eru um skóginn. Erfitt er að beina gestum á einhverja meira áhugaverða staði en aðra, en flestir geta þó verið sáttir um að þeir staðir sem hér eru merktir áhugaverðir hafa gott útsýni, sögugildi eða sérstaka upplifun í för með sér.

5.14 Umferð fatlaðra

Gera þarf skóginn færan fleirum en full frísku fólki. Allir þegnar samfélagsins eiga að fá að njóta náttúrunnar eins vel og kostur er. Því þarf að gera hluta skógarins færan fyrir hjólastóla og hreyfihamlaða. Aðalstígurinn er hugsaður aðgengilegur fyrir alla.

5.15 Reiðleiðir

Haft var á orði í skoðanakönnun um að opna Selskóginn fyrir reiðleiðir og Jón Loftsson vildi mynda heildstæðan reiðhring á Héraði öllu. Ef verður af hugmyndum Vegagerðarinnar um veg ofan skipulags útivistarsvæðis opnast möguleiki á nýrri tengingu yfir Eyvindará. Hestamenn gætu farið gamla veginn og yfir þá brú og tengst þannig inn eftir Héraði. Það er vænlegra en að fara ríðandi gegnum þéttbýli Egilsstaða eins og nú.

5.16 Fiskveiði

Nokkur fiskveiði er í Eyvindará og er mögulegt að veiða inn að gili.

5.17 Lausaganga dýra óheimil

Gilda sömu reglur og í þéttbýli á fjölsóttu útivistarsvæði sem þessu. Lausaganga hunda er ekki leyfð innan skógarins.

5.18 Vegvísar

Vítt og breitt um skóginn, á öllum gatnamótum aðal- og göngustíga yrðu vegvísar sem segðu til um á hvaða stíg maður væri og hvert hann leiddi mann. Fleiri upplýsingar er ekki þörf en þó mætti gera meira úr vegvísunum en það. Til dæmis með fróðleik um náttúru skógarins og sögu. Nautastígar yrðu ekki merktir með vegvísum.

5.19 Lýsing

Á aðalstígum yrði lýst með blárri lýsingu þannig að hún verði ekki of yfirþyrmandi. Blá lýsing að kvöldlagi er eðlilegra í náttúrunni en gul. Með gerð vegar með malbiki má leggja raflögn með. Einnig er vert að athuga nýja tækni sem felst í hagkvæmari perum og einföldum rafgeymum þegar fram í sækir.

5.20 Sorptunnur

Það kom fram í skoðanakönnuninn að vöntun væri á sorptunnum og er það eitthvað sem þarf að vinna á. Betra væri að setja upp fáar tunnur sem vel yrði haldið við heldur en að setja margar út um víðan völl. Meiri virðing er borin fyrir umhverfinu eftir því sem færri merki eru eftir manninn. Að sama skapi mætti tína oftar rusl inni í skóginum til að grynnka á mesta sóðaskapnum.

6. Ályktanir og tillögur að frekari rannsóknum

Höfundur leggur til að gerð verði langtímaáætlun um rekstur og uppbyggingu í skóginum til 10 ára. Þá skal gera skammtímaáætlun til eins árs í senn um fyrirliggjandi framkvæmdir og rekstur.

Vinna þarf að því að skipuleggja gönguleiðir í Miðhúsaskógi með opnunum upp í Fjarðarheiði, Dalhús og aðra hluta af Egilsstaðaskógi. Ganga frá að örugg reiðleið fari í gegn og láta samgöngumál ekki rekast á útivistarmál, heldur vinna samhliða að þeim.

Mikilvægt er að koma skóginum á framfæri á veraldarvefnum, til dæmis með kortagögnum og öðrum gagnlegum upplýsingum sem tengjast honum. Best væri að hafa hann tengdan Egilsstaðavefnum.

Veitir ekki að því að halda að lágmarki einni heilsársstöðu til að starfa við skóginn. Sá starfsmaður sæi um skipulagsmál, vinnuáætlanir, markaðsmál og fleira tengt skóginum.

7. Lokaorð

Höfundur vonar að lesandi hafi orðið einhvers vísari um skógivaxin útivistarsvæði í nágrenni við Egilsstaði. Þó svo að þessi ritning sé miðuð við þessa tilteknu skóga og umhverfi þeirra, er ekki þar með sagt að hún geti ekki nýst öðrum. Yfirfæra má hana yfir á marga aðra skóga og náttúruleg útivistarsvæði.

Það er einlæg von höfundar að þetta BS verkefni verði notað í góðum og uppbyggilegum tilgangi, hvort sem um er að ræða skipulag í Selskógi og Miðhúsaskógi eða hvers lags öðru skipulagi. Öll viljum við lifa í þægilegu og öruggu umhverfi sem gefur okkur aukinn kraft og meiri vellíðan.

8. Heimildaskrá

8.1 Munnlegar heimildir

Anna Björg Arnardóttir, Ráðstefan- Skógar í þágu lýðheilsu á Íslandi, Rannsóknarstöð skógræktar á Mógilsá, Skógræktarfélag Íslands og Skógræktarfélag Reykjavíkur, *11. mars 2006*

Árni Ólason, Íþróttakennari, Egilsstöðum, *4. janúar 2005*

Bergsveinn Þórsson, Forstöðumaður skógarreita í Kjarnaskógi, Akureyri, *23. apríl 2006*

Edda Björnsdóttir, Ábúandi á Miðhúsum. *25. júní 2005*

Fjölnir Björn Hlynsson, Umsjónarmaður veiðileyfa í Eyvindará, Miðhúsum*, 20. apríl 2006*

Ómar Þröstur Björgúlfsson, Byggingarfulltrúi hjá Fljótsdalshéraði. *27. mars 2005*

Gígja Gunnarsdóttir, Ráðstefan- Skógar í þágu lýðheilsu á Íslandi, Rannsóknarstöð skógræktar á Mógilsá, Skógræktarfélag Íslands og Skógræktarfélag Reykjavíkur, *11. mars 2006*

Hallgrímur Indriðason, Fulltrúi skipulagsmála hjá Skógrækt ríkisins. Akureyri, *3. apríl 2006*

Helga Hreinsdóttir, Framkvæmdarstjóri Heilbrigðiseftirlits Austurlands, *21. desember, 2005*

Hugrún Hjálmarsdóttir, byggingarverkfræðingur hjá Verkfræðistofnun Austurlands og situr í nefnd Deiliskipulags Selskógar
21. desember 2005

Jón Loftsson, skógræktarstjóri Skógrækt ríkisins. *15. mars 2006*

Pálmi Hreinn Sigurðsson, Malbikunarstjóri hjá Malarvinnslunni, Egilsstöðum, *23. apríl 2005*

Siv Friðleifsdóttir, Ráðstefan- Skógar í þágu lýðheilsu á Íslandi, Rannsóknarstöð skógræktar á Mógilsá, Skógræktarfélag Íslands og Skógræktarfélag Reykjavíkur, *11. mars 2006*

Sveinn Jónsson, Deildarstjóri, Asturlandsumdæmi, Reyðarfirði*, 31. desember. 2005*

Valdimar Reynisson, Verkefnastjóri í Heiðmörk frá 1990-2001*, 27. janúar 2006-05-02*

8.3 Ritaðar heimildir

Aðalskipulag Austur-Héraðs 2002-2017, ***Greinargerð,*** 7. júní 1998

Birgir Ísl. Gunnarsson, Guðmundur Marteinsson, Jón Jónsson, Eyþór Einarsson: **Heiðmörk 25 ára,** ***Sérprentun úr Ársriti Skógræktarfélags Íslands,*** Prentsmiðjan Oddi hf., Reykjavík 1975

Bjarni Diðrik Sigurðsson. LBHÍ, **Kúrsinn "Skógfræði 1",** fyrirlestur um m.a. íslenska birkið, frá *31. október 2005*

Bjarni E. Guðleifsson (ritstj.), Aðalsteinn Svanur Sigfússon, Hallgrímur Indriðason, Hólmfríður Andersdóttir, Jón Dalmann Ármannsson og Vignir Sveinsson: **Ásýnd Eyjafjarðar,** ***Skógar að fornu og nýju,*** Skógræktarfélag Eyfirðinga, ISBN 9979-60-621-5, Akureyri, *2000*

Einar Gunnarsson og Skarphéðinn Smári Þórhallsson: **Skógræktarritið 2003,** ***-grein- Kortlagning Heiðmerkur -helstu atriði (bls 40-48)***, Skógræktarfélag Íslands, Oddi hf., ISSN 1670-0074, Reykjavík, 2003

Hákon Aðalsteinsson: **Um fiskræktarskilyrði á Héraði,** Orkustofnun, unnið fyrir Veiðifélag Fljótsdalshéraðs OS82048/VOD09, maí 1982

Helgi Hallgrímsson: **Skógræktarritið 2005,** ***-grein- Gulvíðir – Pálmavíðir – Rauðvíðir – Slútvíðir, um gulvíði á Íslandi og hin ýmsu nöfn hans (bls 141-148)***, Skógræktarfélag Íslands, Oddi hf., ISSN 0257-8336, Reykjavík, 2005

Íslenska Alfræði Orðabókin, Örn og Örlygur ehf., ISBN 9979-55-000-7, Reykjavík 2000

Margrét Ólöf Sveinsdóttir: **Ferðamennska í Hallormsstaðaskógi,** ***BS ritgerð***, Háskóli Íslands, Raunvísindadeild, Ferðamálafræði, Reykjavík, október 2005

Ólafur Einarsson, Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Jón Gunnar Ottósson: **Verndun tegunda og svæða,** ***tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna Náttúruverndaráætunar 2002,*** Náttúrufræðistofnun Íslands, ISSN 1670-0120, Reykjavík, nóvember 2002.

Roger N. Clark og George H. Stankely: **The Recrration Opportunity Spectrum*****: A framework for Planning, Management, and Research***, U.S. Department of Agriculture Forest Service, Pacific Northwest Forest and Range Experiment Station & General Technical Report. 1979 http://leopold.wilderness.net/pubsResults.cfm?StartRow=211&maxrows=10&searchType=Browse&downonly=yes (skoðað 23. apríl 2006)

Sigurður Blöndal og Skúli Björn Gunnarsson: **Íslandsskógar,** ***hundrað ára saga***, Mál og mynd, ISBN 9979-9399-8-2, Skógrækt ríkisins, 1999

8.4 Netheimildir

Net 1 Umhverfisstofnun: Náttúruminjaskrá. (skoðað 17. apríl 2006)
http://www.ust.is/Natturuvernd/Natturuminjaskra/nr/300

Net 2 Umhverfisstöfunun: almannaréttur. (skoðað 17. apríl 2006)
http://www.ust.is/Natturuvernd/Almannarettur/

Net 3 Hagstofa Íslands: íbúafjöldi. (skoðað 17.apríl 2006)
http://hagstofa.is/?pageid=624&src=/temp/mannfjoldi/sveitarfelog.asp

Net 4 Skógræktarfélag Íslands: Heiðmerkurfrétt (skoðað 10. apríl 2006)
http://www.skog.is/Frettir/Includes/ShowArticle.asp?ID=1266

Net 5 Skógræktarfélag Reykjavíkur: Heiðmörk (skoðað 10. apríl 2006)
http://skograekt.is/heidmork/heidmork.htm

Net 6 Skógræktarfélag Reykjavíkur: Heiðmörk, kort (skoðað 17.apríl 2006)
http://www.skograekt.is/heidmork/myndir/kort,yfirlitskort,stort.gif

Net 7 Kjarnaskógur: umferðartalning (skoðað 17. apríl 2006)
http://www.kjarnaskogur.is/pages/talning.html

Net 8 Kjarnaskógur: Stígakort (skoðað 17. apríl 2006)
http://www.kjarnaskogur.is/image/stigar.gif

Net 9 Ráðstefnupunktar- Skógar í þágu lýðheilsu á Íslandi (skoðað 23. apríl 2006)
http://skogur.is/Apps/WebObjects/Skogur.woa/wa/dp?id=1000799

Viðauki A: Skoðanakönnun

Útivistarsvæði í Egilsstaðaskógi/Selskógi

Skoðanakönnun 2005

Könnun þessi er gerð í þeim tilgangi að kanna aðsókn í skóginn og athuga hvað er gott og hvað mætti betur fara. Úrlausnirnar verða notaðar í BS-verkefni er lýtur að hönnun og skipulagi á svæðinu.

Vinsamlegast fyllið út spurningalistann og skilið í merkt hólf. (svör)

1. Dags. _____ 2005 - kl. _____

2. Ert þú ?
   ☐ karlkyns ☐ kvenkyns

3.Á hvaða aldri ertu?
   ☐Yngri en 15 ára
   ☐15-20 ára
   ☐ 21-45 ára
   ☐ Eldri

4. Menntun?
   ☐ Grunnskóli
   ☐ Framhaldsskóli
   ☐ Háskóli
   ☐ Annað

5. Hvað gerir þú í skóginum?
   Skokka
   ☐ Geng
   ☐ Grilla
   ☐ Fer í leiktækin
   ☐ Nýt náttúrunnar
   ☐ Viðra hundinn
   ☐ Nota íþróttavöllinn
   ☐ Slaka á
   ☐ Ligg í sólbaði
   ☐ Annað

6. Hvar býrð þú?
   Póstnúmer _____

7. Hversu oft kemur þú hingað í skóginn?
   ☐ Oftar en 2 sinnum í viku
   ☐ 1-2 sinnum í viku
   ☐ 1-3 sinnum í mánuði
   ☐ 1-6 sinnum á ári
   ☐ Sjaldnar

8. Notar þú skóginn á veturna?
   ☐ Já,
   ☐ Nei,

9. Hvað finnst þér vanta á svæðið?
   ☐ Göngustíga
   ☐ Hjólastíga
   ☐ Leiktæki
   ☐ Æfingatæki
   ☐ Salernisaðstöðu
   ☐ Veitingasala
   ☐ Tjaldsvæði
   ☐ Grillaðstöðu
   ☐ Vegvísa og merkingar
   ☐ Klifurvegg
   ☐ Tengingu (brú) yfir ána
   ☐ Fleiri ruslatunnur
   ☐ Annað

10. Hvað finnst þér að helst mætti bæta í skóginum? _____

_____

_____

_____

Þakka þér fyrir þátttökuna

Viðauki B: Fylgiblað með skoðanakönnun

Viðhorfskönnun unnin í tengslum við BS-verkefni frá LBHÍ og HÍ

Tilgangur:

Könnun þessi fer fram á tveimur stöðum á Héraði, í Hallormsstaðaskógi og Selskógi. Niðurstöðurnar verða svo bornar saman og notaðar í tvö mismunandi lokaverkefni.
Tilgangurinn er að kanna aðsókn í skóginn og athuga hvað það er sem dregur fólk þangað. Auk þess verður skoðað hvað er gott og hvað er ábótavant við aðstöðuna. Komið verður með tillögur til úrbóta í samræmi við niðurstöðurnar.

Unnið af:

Tveir nemendur úr sitt hvorum skólanum standa að þessari könnun.
- Hlynur Gauti Sigurðsson er nemandi við Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHÍ) og er að hefja þriðja ár á Umhverfisskipulagsbraut. Lokaverkefni (BS) hans snýst um skipulag á Selskógi. Hlynur hefur umsjón með skoðanakönnuninni hér.
- Margrét Ólöf Sveinsdóttir er nemandi við Háskóla Íslands (HÍ) er að ljúka námi í Ferðamálafræðum. Lokaverkefnið (BS) hennar fjallar um náttúrutengda ferðamennsku á Héraði. Margrét hefur umsjón með skoðanakönnuninni á Hallormsstað.

Skoðanakönnunin:

Stendur yfir tvo mánuði, júlí og ágúst. Í Selskógi hefur póstkassa fyrir spurningakönnunina verið komið upp, en á Hallormsstað mun Margrét spyrja fólk á förnum vegi.

Viðauki C: Fornleifar

Það hefur verið gerð fornleifaskrá yfir minjar á Egilsstöðum en hún var gefin út árið 1997. Safnastofnun Austurlands sá um skráningu og útgáfu. Í fornleifaskránni eru skráðar eftirfarandi minjar í og við Selskóg;

SM-24:016 heimild um fjárhús 65°15,536 N 14°22,854 V

Uppi á Selhæð, austan við fjárhús em þarna standa núna. Enign merki eru finnanleg um tótt þessa.

Heimild: HH 1996, bls 10

SM-24:017 heimild um fjárhús

Uppi á Selæð austan Egilsstaðabæjar á sama stað og núverandi fjárhús (byggt 1920) stendur. Þau hurfu alveg við byggingu nýrra hússins. Þarna voru áður torfhús fyrir 100 fjár og hlaða.

Heimildir: HH 1996, blis 10, Dagbók Sveins Jónssonar

SM-24:018 túngarður

Fyrir utan og ofan túnið á Selhæð sjást leifar af gömlum túngarði og e.t.v. garðhólfum. Hann er mjög útflattur og lyngi vaxinn. Hleðsluhæð 0,4 m og hann er um metri á þykkt. Þarna eru greinanleg tvö túngarðsbrot annað liggur til A frá klettum utan og ofan fjárhúss. Hann er um 30 m langur og sést víða í steinhleðslur. Hitt brotið er nokkru austar og er það um 25 m langt og liggur N-S.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Fornleifaskrá Egilsstaða, Safnastofnun Austurlands 1997. bls. 33.

Einnig er að finna minjar ofar á Egilsstaðahálsi á því svæði sem eftir fyrirhugaða breytingu á aðalkipulagi verður skilgreint sem blönduð landnotkun, svæði fyrir frístundabyggð/ opið svæði til sérstakra nota.

SM-42:019 „Hálshús" – sauðahús

Utarlega í Egilsstaðahálsi efst á hæð rétt austan og neðan Fagradalsvegar. Fjögur sambyggð mjög gróin hólf. Stærsta hólfið er 10x11 m. Samhlíða því hólfi liggur annað smærra hólf um 4x11 m. Aftan við þessar tóttir liggur á ská smærri tótt um 2x5 m. Áföst við sv horn stærsta hlófins er smátótt um 3x3 m. Allar eru tóttirnar mjög grónar og hlaupnar í þýfi. Þetta voru sauðahús byggð fyrir um 150-200 sauði. H'usin voru byggð um 1895 3n þau voru aflögð um 1908 en þá sauðaeign hætt. Þarna var baðstofubygging, eins konar afbýli. Húsin voru í notkun meðan sauðahld tíðkaðist.


Hættumat: lítil hætta en tóttin er þó nálæt veginum.

Heimildir: Sveitir og Jarðir II, bls 198, ÖrnEgs, bls4, Dagbók Sveins Jónssonar.

Fornleifaskrá Egilsstaða. Safnastofnun Austurlands 1997 bls. 34.

Ekki eru fleiri minjar skráðar nálægt Selskógi. Eitthvað er um minjar frá þeim tíma er útiskemmtanir voru haldnar í Selskógi en þar sem þær minjar eru yngri en 100 ára teljast þær ekki til fornminja.

Viðauki D: Hugmyndir um vegagerð



Viðauki E: Spurningalisti úr Kjarnaskógi

Skógræktarfélag Eyfirðinga

ÚTIVISTARSVÆÐIÐ Í KJARNA
SKOÐANAKÖNNUN 2001

Könnun þessi er lögð fyrir í þeim tilgangi að auðvelda Skógræktarfélagi Eyfirðinga að móta framtíðarstefnu fyrir útivistarsvæðið í Kjarna.

Vinsamlega fyllið út spurningalistann og látið í merkta kassann.

Með þökk fyrir þátttökuna.

1. Dags. _____ / 2001 kl. _____

2.Hversu oft kemur þú í Kjarnaskóg ?

- [ ] oftar en 1-2 sinnum í viku
- [ ] 1-2 sinnum í viku
- [ ] 1-3 sinnum í mánuði
- [ ] 1-6 sinnum á ári
- [ ] sjaldnar

3. Hvað gerir þú í Kjarnaskógi ?

- [ ] skokka
- [ ] geng
- [ ] grilla
- [ ] fer í leiktækin
- [ ] skoða gróðurinn
- [ ] ligg í sólbaði
- [ ] annað hvað? _____

4. Hvað finnst þér vanta á svæðið ?

- [ ] göngustíga
- [ ] leiktæki
- [ ] trimmtæki
- [ ] klósett
- [ ] grillaðstöðu
- [ ] annað, hvað ? _____

5. Hvað finnst þér ef opnuð yrði veitingasala á svæðinu ?

- [ ] fylgjandi
- [ ] hlutlaus
- [ ] andvíg(ur)

6. Notar þú skíðabrautirnar á veturna ?

- [ ] oft
- [ ] öðru hverju
- [ ] sjaldan
- [ ] aldrei

7. Á hvaða aldri ertu

- [ ] yngri en 15 ára
- [ ] 15-20 ára
- [ ] 21-45 ára
- [ ] eldri

8. Ert þú ?

- [ ] karlkyns
- [ ] kvenkyns

9. Hvar býrð þú ?

- [ ] á Akureyri
- [ ] á Eyjafjarðarsvæðinu
- [ ] annarsstaðar

10. Hvað finnst þér að helst mætti bæta í Kjarnaskógi ?

_____

_____

_____

_____

_____

Þakka þér fyrir að svara spurningunum